



EINING-IÐJA

FÉLAGSBLAÐ

2. tölublað
15. árgangur
Júní 2013



1. maí
Aðalfundur
Do członków zwią zku Eining-Iðja
To the members of Eining-Iðja

ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกคน



Útgefandi: Eining-löjla
Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:
Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri
Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Ritnefnd:

Anna Dóra Gunnarsdóttir,
Erla Hrund Friðfinnsdóttir, Ingimundur
Norðfjörð, Kristín Anna Gunnólfsdóttir,
Sunna Árnadóttir og Margrét Einarsdóttir
starfsmaður nefndarinnar

Forsíðumyndir:

Myndir úr starfinu.

Prentvinnsla:
Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu, í heild
eða hluta, þó þannig að heimildar sé getið.

Sendum félagsmönnum Einingar-löjlu sumarkveðjur



GJÖGUR hf - Grenivík



Strandgötu 3 · Akureyri, Akureyri · Sími 440-2370

Efnisyfirlit

- 4** Ný íbúð í Reykjavík
- 4** Laus hús í sumar
- 4** Framkvæmdum lokið á Egilsstöðum
- 6** Vertu á verði!
- 6** Gott að vita
- 6** Sumarstarfsmenn
- 8** Þörf á samstöðu innan SGS í komandi kjarasamningaviðræðum
- 9** Starfsgreinasambandið undirbýr kjarasamninga
- 9** Ályktun formannafundar SGS um ferðabjónustu
- 10** Fjölmenntur aðalfundur Einingar-löjlu
- 14** To the members of Eining-löjla
- 15** Átt þú rétt á orlofsuppbót?
- 15** PACTA lögmenn
- 16** Kjúklingsalat Backpackers
- 17** Nauðsynlegt að hafa það skriflegt
- 17** Hefur þú lent í vinnuslysi? Kannaðu rétt þinn!
- 18** Fjölmennti tók þátt í 1. maí hátíðarhöldum á Akureyri
- 20** Frábær Berlínarferð
- 21** VIRK starfsendurhæfingarsjóður
- 21** Afsláttarkort AN
- 21** Það sem gott er að hafa í huga þegar þú sækir um vinnu
- 22** Mikil viðbrögð við auglýsingu frá félaginu
- 22** Bókagjöf til bókasafna og skóla á svæðinu
- 23** Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?
- 23** Botnaðu nú!
- 24** Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs
- 26** Do członków zwikzku Eining-löjla
- 26** Breytingar á Dalvík
- 27** ถึงสมาชิก Einingu löjlu ทททท
- 27** Iðnaðarsafnið 15 ára
- 28** Munið eftir félaga-vefnum
- 28** Ásókn í sjúkrasjóð
- 28** Launagreiðendavefur Einingar-löjlu
- 30** Stjórnir og nefndir

VEGGSKREYTINGAR ERU OKKAR FAG

Við hönnum, skerum út & límum

Mikið úrval af munstrum
leturgerðum & lítum



STÍLL



*Sver vegur að heiman
er vegurinn heim*



Stíll auglýsingastofa og skiltagerð | Óseyri 2 | 603 Akureyri | Sími 4 600 770 | www.still.is



Fagmenn á heimavelli

Ásgeir Örn Jóhannsson, hdl. hóf störf hjá Pacta að loknu meistaraþrófi í lögfræði, í júní 2008.

Gunnar Sólnes hrl. hefur starfað við lögmennsku síðan 1968 og hjá Pacta síðan í mars 2008.

Ólafur Rúnar Ólafsson, hrl. hefur starfað hjá Pacta síðan 2004.

Meðal verkefna PACTA Lögmanna fyrir einstaklinga eru:

Fjölskyldumál

sifjaréttur, forræðismál, barnavernd

Hjúskaparmál

kaupmál, sambúðarslit

Húsnæðismál

fasteignakaup, fjöleignahús, leiguréttur

Erfðamál

erfðaréttur, erfðaskrár, dánarbú

Slysamál

slysabætur vegna umferða-, vinnu- og frítímaslysa

- Hafðu samband við okkur í síma 440 7900 eða á netfangið pacta@pacta.is

Lögmenn Pacta búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Ólafur Rúnar, Gunnar og Ásgeir Örn eru í öfluglu liði 20 annarra Pacta lögmanna, tilbúnir til að veita þér afburða lögfræðipjónustu og ráðgjöf.

PACTA
L Ö G M E N N

Hafnarstræti 91-95 • 600 Akureyri • Sími 440 7900

Ný íbúð í Reykjavík



Í byrjun maí tók Eining-löjla í notkun eina íbúð í viðbót í Reykjavík. Félagið er því með átta íbúðir í notkun í höfuðborginni, þar af tvær sjúkraíbúðir. Nýja íbúðin, er leiguíbúð í Ásholti 2, 6. hæð. Íbúðin er um 60 fermetrar að stærð, eins og sjúkraíbúðin sem félagið á og er á 3. hæð í sama húsi.

ATHUGIÐ!

Ekki er hægt að panta sjúkraíbúðir í gegnum Félagavefinn. Nauðsynlegt er að hringja í skrifstofur félagsins í síma 460 3600 til að panta þær.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má sjá fleiri myndir úr nýju íbúðinni.

LAUS HÚS Í SUMAR – Fyrstur pantar – fyrstur fær!

Við viljum minna félagsmenn á að enn eru orlofshús laus í sumar, hús sem ekki gengu út í úthlutun eða voru ekki staðfest innan greiðslufrests. Áhugasamir geta kíkt á Félagavefinn á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem sjá má hvaða hús eru enn laus og jafnframt bókað þau. Þeir sem ekki eru enn komnir með aðgang að Félagavefnum geta hringt á skrifstofur félagsins í síma 460 3600, eða mætt til okkar og fengið upplýsingar um laus hús.



Framkvæmdum lokið á Egilsstöðum

Nýlega lauk framkvæmdum við íbúð félagsins á Egilsstöðum. Stjórn félagsins ákvað fyrir á árinu að þörf væri á að taka hana í gegn að innan. Í mars hófust framkvæmdir og var allt tekið í gegn, fyrir utan eldhús sem var endurnýjað fyrir nokkrum árum. M.a. var skipt um hurðir og gólfefni. Miklar breytingar voru gerðar á baðherberginu og öll íbúðin máluð.

Starfsmenn félagsins voru á ferðinni á Egilsstöðum í byrjun júní til að gera hana klára fyrir sumarleiguna. Auðvitað var myndavél með í för og herlegheitin mynduð. Látum myndirnar tala sínu máli.



Nám hjá SÍMEY

Spennandi kostur!



Næstkomandi haust verða fjölmargar námsleiðir í boði hjá SÍMEY. Úrvalið er fjölbreytt af einingabæru námi og má meðal annars nefna:

- **Háskólabrú Keilis**
 - **Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins**
 - **Menntastoðir / dag- og síðdegisnám**
 - **Grunnmenntaskólinn / síðdegisnám**
 - **Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum / kvöldnám**
 - **Skrifstofuskólinn / dag- og síðdegisnám**
 - **Skref til sjálfshjálpar / nám fyrir lesblinda**
 - **Leikskólaliðabrá og Stuðningsfulltrúabrá / síðdegisnám**
 - **Félagliðabrá / síðdegisnám**
 - **Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk**

Fjöldi spennandi námskeiða fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Ávallt heitt á könnunni og náms- og starfsráðgjafar til skrafs og ráðagerða, þér að kostnaðarlausu.

Frekari upplýsingar á heimasíðu SÍMEY www.simey.is eða í síma 460-5720

Vertu á verði!

– stöndum saman og rjúfum vítahring verðbólgunnar



Vert er að minna á átakið Vertu á verði sem hófst fyrir á árinu. Eining-löjja og önnur stéttarfélag innan ASÍ standa fyrir þessu átaki gegn verðhækkunum. Almennigur og atvinnulífið eru hvött til að taka höndum saman og rjúfa vítahring verðbólgunnar.

Átakinu er ætlað að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald í verðlagsmálum og vekja neytendur til aukinnar vitundar.

Sendu ábendingar um verðhækkanir á – www.vertuaverdi.is

Á heimasíðu átaksins www.vertuaverdi.is geta allir sent inn ábendingar um verðhækkanir á fljótlegan og einfaldan hátt. Þannig getum við sameiginlega skapað mikilvægt aðhald, meðvitund og umræðu um verðlagsmál. Það er hagsmunamál okkar allra að vera á verði og láta vita. Allir þurfa nú að taka höndum saman – sýna ábyrgð og stöðva verðhækkanir – það gagnast okkur öllum.

Á heimasíðu félagsins má finna hnapp sem sendir þig beint á heimasíðu átaksins.

Gott að vita

Við viljum minna félagsmenn á eftirfarandi sem hægt er að kaupa á skrifstofum félagsins og veitir ágæta kjarabót. Allar nánari upplýsingar má fá á heimasíðu Einingar-löjja.

Hvalfjarðargöng

Hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofum félagsins á kr. 635. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Ólafsfirði, í Hrísey og á Grenivík.

Hótel Edda

Félagið selur greiðslumiða fyrir gistingu á öll Edduhótel landsins. Verð miða er kr. 6.000. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt, en vert er að taka fram að morgunverður er ekki innifalinn. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu og við pöntun þarf að taka fram að greitt verði með gistimiða. Athugið að ekki er hægt að panta á netinu ef nota á gistimiða. Nánari upplýsingar um hótelin má finna á heimasíðunni www.hoteledda.is

Fosshótel

Félagið selur niðurgreidda gistimiða á öll Fosshótel landsins. Verð miða er

kr. 6.000 og gildir hann fyrir árið 2013. Hver miði gildir fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði. Á háannatíma, í júní, júlí og ágúst, þarf að greiða eina nótt með tveimur gistimiðum. Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða. Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

Útilegukortið

Félagsmenn geta keypt Útilegukortið á kr. 8.000 en fullt verð er kr. 14.900. Kortið veitir aðgang að yfir 40 tjaldsvæðum hringinn í kringum landið. Frekari upplýsingar um kortið má fá á vefsíðunni www.utilegukortid.is

Veðiðkortið

Félagsmenn fá Veðiðkortið á sérkjörum á aðeins kr. 2.500, fullt verð er kr. 6.900. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang í rúmlega 35 veiðivötn víðsvegar um landið sem og tjalda endurgjaldslaust við mörg þeirra. Allar frekari upplýsingar og lista um veiðisvæði er hægt að nálgast á www.veidikortid.is

Sumarstarfsmenn

Eins og undanfarin sumur er búið að ráða inn afleysingafólk á skrifstofu félagsins í sumar. **Á Dalvík** mun Sigríður Inga Ingimarsdóttir leysa Freydísi af í júlí. **Í Fjallabyggð** mun Ólafía Anna Þorvaldsdóttir leysa Margræti af í ágúst, en þá verður opið milli kl. 9:00 og 13:00.

Á Akureyri verða tvær sem skipta á milli sín deginum frá 1. júní til 31. ágúst. Hrönn Ásgeirsdóttir verður á vaktinni á skrifstofunni milli kl 8 og 12 og Aðalbjörg G. Hauksdóttir milli kl. 12 og 16.



Aðalbjörg og Hrönn munu leysa af á skrifstofu félagsins á Akureyri í sumar.



MAE

Init ehf. er hugbúnaðarfyritæki sem sérhæfir sig í verkefnum fyrir lífeyrissjóði og verkalýðsfélög. Init þróar, rekur og þjónustar Jóakim sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi.

Jóakim er heildarlausn fyrir stéttarfélög

- Öflugt iðgjaldainheimtukerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfkerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar bæði stórum og smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarféлага

Hafið samband við okkur í síma 510-7200 eða skoðið nánar á heimasíðu okkar, www.init.is

Sendum félagsmönnum *Einingar-löju*
sumarkveðjur



Millifærðu með hraðfærslum í Appinu



Skannaðu kóðann
til að sækja Appið.



Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is/farsiminn
Sími 440 4000


Íslandsbanki

Þörf á samstöðu innan SGS í komandi kjarasamningaviðræðum



Samninganefnd Einingar-löju telur að mikil þörf sé á því að stéttarfélag sem eiga aðild að Starfsgreinasambandi Íslands sýni samstöðu í komandi kjarasamningaviðræðum en samningar við Samtök atvinnulífsins eru lausir 30. nóvember nk. og samningar við ríki 31. janúar og sveitarfélög verða lausir 30. apríl á næsta ári.

Samninganefndin einhuga um að veita SGS umboðið

Á fundi í lok maí samþykkti samninganefnd félagsins samhljóða að veita samninganefnd SGS umboð vegna fyrirhugaðra kjarasamningaviðræðna við SA, við Samband íslenska sveitarfélaga og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins. Nefndin samþykkti einnig að veita Starfsgreinasambandinu umboð til að gera viðræðuáætlun við SA, Samband íslenska sveitarfélaga, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins, Bændasamtök Íslands og Landsamband smábátáutgerða. Í umboðinu kemur jafnframt fram að tryggt skuli í viðræðuáætluninni aðkomu félagsins að sérkjarasamningum sínum.

Mikil vinna farið fram

Samninganefnd félagsins hefur unnið mikið að undirbúningi komandi kjarasamninga. Fundurinn í lok maí var fjórði fundur nefndarinnar í ár. Fyrsti fundurinn fór fram í byrjun mars, en á honum var m.a. rætt hvernig undirbúningur félagsins ætti að vera fyrir næstu samningaviðræður og

samþykkt að gera ætti skoðanakönnun á vinnustöðum eins og gert var fyrir síðustu samninga. Á fundinum var einnig samþykkt fundaplan nefndarinnar fyrir næstu mánuði.

Frábær þátttaka hjá félagsmönnum.

Dagana 6. til 10. maí fór fram skoðanakönnun meðal félagsmanna á vinnustöðum. Könnun var gerð á ábyrgð trúnaðarmanna, en þeir sáu um um að koma spurningalistum á samstarfsmenn og skila þeim svo aftur til félagsins. Félagið hefur áður staðið fyrir slíkum könnunum fyrir samninga, en með þessari aðferð náum við fram sem best um upplýsingum um vilja félagsmanna varðandi það hvað leggja beri áherslu á við gerð næstu kjarasamninga. 1.330 svör skiluðu sér inn sem er alveg frábært. Samarið verður svo nýtt til að vinna úr könnuninni og svo verða niðurstöðurnar kynntar í samninganefndinni á dagsfundum sem verður í lok ágúst. Á þeim fundi verður einnig byrjað að vinna við kröfugerð félagsins.

Allir félagsmenn geta haft áhrif á kröfugerðina

Dagana 13. til 15. maí sl. hélt félagið fund með trúnaðarmönnum þar sem farið var yfir yfir gildandi kjarasamninga og þeir samlesnir. Tílefni þessara funda var að undirbúa komandi kröfugerð félagsins fyrir samningana í haust. Kristján Bragason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, var fenginn til að hafa yfirumsjón með þessum fundum. Á fundinum í lok maí var farið yfir sam-

antekt á niðurstöðum þessara funda, sem tókust allir mjög vel þó misvel hafi verið mætt á þá. Markmiðið með þeim var að gefa trúnaðarmönnum tækifæri á að koma að stefnumótun félagsins í komandi samningum, safna ábendingum og athugasemdum varðandi kjarasamninga, fá fram helstu áhersluþætti trúnaðarmanna í komandi samningum og safna upplýsingar um sér-
mál ákveðinna starfshópa.

Í byrjun september verða haldnir sex félagsfundir (Fjallabyggð, Dalvík, Hrísey, Grenivík, Grímsey og Akureyri) þar sem kynnt verður vinna samninganefndar. Þar verður síðasti möguleiki á að koma með ábendingar til hennar áður en gengið verði frá kröfugerð félagsins á fundi samninganefndar sem verður 9. september nk. Fullmótuð kröfugerð félagsins þarf að hafa borist Starfsgreinasambandi Íslands fyrir 12. september nk.



Mikil vinna hefur farið fram í samninganefnd félagsins. Á fyrsta fundi hennar í mars var nefndinni skipt í hópa og m.a. rætt um fyrirkomulag undirbúnings félagsins fyrir næstu samninga.

Starfsgreinasambandið undirbýr kjarasamninga

Formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands hittust ásamt varaformönnum á fundi á Húsavík dagana 3. og 4. júní sl. til að fara yfir undirbúning kjarasamninga. Þegar fundurinn var haldinn var Eining-Íðja eina félagið sem veitt hafði SGS umboð til kjarasamningagerðar, en fleiri félög voru að ræða fyrirkomulag samninga í sínum röðum.

Um allt land er búið að halda fundi með trúnaðarmönnum, gera kannanir á vinnustöðum og halda opna fundir til að gefa öllum færi á að koma sínum sjónarmiðum að í áherslum fyrir kjarasamningana sem eru lausir í lok nóvember. Samhljómur var meðal formanna um að biða þyrfti átekt

til að sjá hvort samið yrði til lengri eða skemmri tíma og færi það að stórum hluta eftir því hvernig ríkisstjórnin hyggst stýra efnahagsmálum. Þá þarf að tryggja það að launahækkningar sem um er samið fari ekki jafn óðum út í verðlagið í gegnum hækkun gjaldskráa hins opinbera og almennt vöruverð.

SGS hefur haldið fjórar kjaramálaráðstefnur í vetur og því fara aðildarfélögin vel nestuð inn í vinnu við kröfugerð en stefnt er að því að sameiginleg kröfugerð Starfsgreinasambandsins verði tilbúin í síðasta lagi 1. október nk.

Ályktun formannafundar SGS um ferðapjónustu

Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands (SGS) haldinn á Húsavík 3. til 4. júní 2013 lýsir áhyggjum af stöðu starfsfólks í ferðapjónustu í upphafi sumarvertíðarinnar. Af reynslu undanfarinna ára er töluvert um kjarasamningsbrot í greininni og undanskot frá sköttum og skyldum. Formannafundur Starfsgreinasambandsins skorar á atvinnurekendur, starfsfólk og stjórnvöld að gæta þess að farið sé eftir leikreglum sem aðilar vinnu-markaðarins hafa sett sér og láta vita ef misbrestur er á.

Greinargerð:

Ferðapjónustan er ein af hornsteinum íslensks atvinnulífs og sífellt fleiri félagsmenn innan aðildarfélaga SGS vinna í greininni. Það er samfélagslega mikilvægt að greinin sé farsæl og innan hennar sé farið að lögum og reglum. Starfsfólk á að vera tryggt í störfum sínum og greinin skal skila eðlilegum sköttum til þjóðarbúsins. Meðal algengra mála sem koma inn á



borð stéttarfélaganna í tengslum við ferðamannavertíðina eru:

- Greiðsla jafnaðarkaups, slíkt er ekki til í kjarasamningum heldur skal greiða dagvinnu og yfirvinnu eða vaktalag ef um vaktavinnu er að ræða.

- Að vaktir hafi ekki skilgreint upphaf og endi, starfsfólk viti hvenær vinnutíma lýkur. Þess skal gætt að skipulag vakta sé kynnt fyrir starfsfólki samkvæmt reglum um vaktskrá. Vaktavinnu sé tekin fram í ráðningarsamningi og vakt skuli unnin í samfelldri heild.
- Að ungt fólk sé á lægra kaupum en samið er um en þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxta.
- Að ekki séu greiddir skattar og önnur opinber gjöld af starfsfólki og þar með brotin landslög.

Launafólk sem telur á sér brotið er hvatt til að hafa samband við stéttarfélagið á viðkomandi stað en upplýsingar um þau má nálgast á vef Starfsgreinasambandsins www.sgs.is. Starfsgreinasambandið bindur vonir við áframhaldandi samstarf Ríkisskattstjóra, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem hefur það markmið að uppræta svarta atvinnustarfsemi.

Starfsmenn Enor óska félagsmönnum Einingar-Íðju gledilegs sumars og ánægjulegs sumarfríð

 ENOR



Fjölmennur aðalfundur Einingar-Íðju

Aðalfundur Einingar-Íðju var haldinn í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri þriðjudegskvöldið 16. apríl sl. „Það er alveg með ólíkindum hvað þið félagsmenn góðir hafið verið dugleg í félagsstarfinu og gert vinnu okkar í stjórninni og starfsmanna ánægjulega. Það er alveg ljóst að félagið endurspeglar þann mikla auð sem liggur í félagsmönnum, fjölmargir hafa komið til starfa í hinum ýmsum ráðum og nefndum hjá félaginu. Einn ungur félagsmaður sagði við mig um daginn að hann hefði aldrei trúað því að óreyndu að félagið væri svona öflugt og væri að gera svo mikið fyrir félagsmennina. Þessi einstaklingur var nýkominn í samninganefnd félagsins og hafði ekki áður verið virkur í

félagsstarfi,” sagði Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, m.a. er hann flutti skýrslu stjórnar á fjölmennum aðalfundi félagsins.

Á fundinum var samþykkt af miklum meirihluta fundarmanna að fela stjórn félagsins að láta skrifa sögu verkalýðs/verkalýðsfélaga á félagssvæðinu er standa að Einingu-Íðju frá upphafi til vorra daga. Einnig var kosið um 31 fulltrúa félagsins á ársfund Stapa og sagði Björn að ekki væri algengt að félög kysu sína fulltrúa á þann fund á aðalfundi félagsins en stjórnin telur það vera nauðsynlegt.

Margir vinnustaðafundir

Björn sagði frá því að á seinni hluta síðasta árs

og í byrjun þessa árs hafi starfsmenn félagsins, í samráði við trúnaðarmenn, mætt á meira en 30 vinnustaðafundi og hitt á annað þúsund félagsmenn. „Þetta átak í vinnustaðafundum kom þannig til að við Anna varaformaður sendum bréf til trúnaðarmanna og óskuðum eftir að þeir mundu standa fyrir slíkum fundum. Við stefnum á að trúnaðarmenn sjái um að við komum einu sinni á ári, í það minnsta, á vinnustaði þar sem farið verður yfir þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Það þurfa ekki að vera vandamál á staðnum til að fá okkur í heimsókn, bara að hittast og fá upplýsingar og fræðslu,” sagði Björn.

Björn minntist einnig á könnun sem Capacent Gallup framkvæmdi fyrir félagið og AFL starfsgreinafélag. „Við fengum aftur staðfest í könnun Capacent Gallup, sem gerð var fyrir í vetur, að fólk sé ánægt með félagið. Við bættum við okkur frá fyrra ári um 3% hvað ánægju með félagið varðar. Um 95% eru ánægðir með þjónustuna og er það líka aukning frá fyrra ári. Starfsfólk félagsins þakkar fyrir sig og vonar að það geti enn bætt sig. 63,6% svöruðu könnunni nú en voru 44% árið 2011. Stjórnin hefur ákveðið að gera aðra könnun í haust.”

Komandi kjarasamningaár

Björn sagði einnig að komandi ár verði kjarasamningaár og mun mestur tími, allavega hans og varaformanns, fara í þá vinnu. „Samninga-



Punktar frá aðalfundi

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

4.235 félagsmenn fengu einhverskonar styrk eða endurgreiðslu kostnaðar á árinu. 700 fengu starfsmenntastyrki, 2.121 styrki úr sjúkrasjóði, 1.188 fengu orlofsstyrk eða orlofshús og 226 fóru í orlofsferðir á vegum félagsins eða í leikhús.

Aðalfélagar á síðasta ári voru 6.249.

Helstu styrkir úr félagssjóði. Á síðasta starfsári fékk Mæðrastyrsnefnd kr. 600.000, Menntaskólinn á Tröllaskaga kr. 300.000 vegna fiskvinnslubrautar, lónaðarsafnið á Akureyri kr. 250.000, verkefnið Tilvísun á hreyfingu fékk kr. 200.000, Aflið fékk kr. 100.000 og Hafliði SI-2 á Siglufirði fékk kr. 20.000.

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði á árinu 2012. Alls fengu 214 félagsmenn dagpeninga eða dánarbætur að upphæð kr. 81.182.461 og 1.907 fengu styrki að upphæð kr. 22.187.727. Samtals fengu því 2.121 félagsmenn styrki á síðasta ári alls að upphæð kr. 103.370.188, sem er hækkan um rúmlega 8,5 milljónir milli ára.

Fjölmörg námskeið.

Haldin voru nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélag og var mjög góð þátttaka á þeim. 16 félagsmenn sátu námskeið fyrir dyraverði í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. Einnig voru haldin þrjú námskeið í austurlenskrí matargerð, eitt tölvunámskeið fyrir byrjendur í sam-

starfi við SÍMEY, fjögur námskeið í skrautkertagerð og tvö námskeið í jóla-kortagerð. Boðið var upp á ýmis önnur námskeið, en því miður var ekki næg þátttaka til að halda þau.

Starfsmenntasjóðir. Alls fengu 700 einstaklingar, 424 konur og 276 karl, einstaklingsstyrki úr Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt á árinu 2012, samtals að upphæð kr. 22.989.194.

Orlofshús. Á árinu 2012 voru tæplega átján orlofshús og átta íbúðir í eigu félagsins og þar með taldar tvær sjúkraíbúðir. Félagið tók á leigu fjögur orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið yfir sumarið. Einnig úthlutaði félagið 200 orlofsstyrkjum sem kallast „vika að eigin vali“. Vetrarleiga hefur verið mjög góð, en dróst reyndar lítillega saman vegna slæms veðurs og ófærðar. Þó nokkur fjöldi fékk endurgreiddar helgarleigur sem ekki var hægt að nota.

Nýting orlofshúsa. Á síðasta ári leigðu félagsmenn 319 sumarvikur, 13 sumarhelgar, 298 vetrarhelgar og 200 vetrarvikur.

Orlofsferðir. Félagið stóð fyrir þremur orlofsferðum á síðasta ári, eins og undanfarin ár. 23 fóru í aðventuferð til Kaupmannahafnar, 43 fóru í Fjallaferðina þar sem farið var um Vesturland og Vestfirði og 35 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn til Hríseyjar.

Ársfundur Stapa. Á fundinum voru kosnir fulltrúar félagsins á ársfund Stapa sem fram fór í Menningarhúsinu HOFI þann 16. maí sl. Félagið átti rétt á 31 fulltrúa í ár.

Sendum félagsmönnum Einingar-Jöðu sumarkveðjur



nefnd félagsins er búin að gera mjög metnaðarfulla áætlun um vinnu nefndarinnar alveg fram til 11. september, en þá á að vera búið að skila kröfugerð félaganna til Starfsgrainasambands Íslands, það er að segja þeir sem ætla að vera í samfloti innan SGS.“

Mikið álag

Björn sagði að mikið álagið hefði verið á skrifstofur félagsins á síðasta ári. Starfsmenn fá

margar spurningar varðandi kaup og kjör, en slíkum fyrirspurnum hefur fjölgað mjög undanfarin ár. „Rúmlega 20.000 símhringingar komu inn á skrifstofur félagsins og í gsm síma formanns síðastliðna 12 mánuði eða um 1.735 á mánuði. Það eru um 80 símtöl að meðaltali á

dag, alla virka daga sem opið er,“ sagði Björn og bætti við að mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn félagsins við að túlka samninga. „Vert er að minna á að félagið er með samning við PACTA lögmennt



Þrjár sæmdir gullmerki

Á aðalfundinum voru þrjár félagar sæmdir gullmerki félagsins, þau Ingibjörg Ólafsdóttir, Magnús Björnsson og Sólveig Jónasdóttir. Reyndar gat Ingibjörg ekki mætt á fundinn en hún fékk merkið afhent þann 1. maí sl. á skrifstofu félagsins í Fjallabyggð að viðstöddu fjölmenni sem var þar samankomið í kaffiveislu í tilefni af 1. maí.

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, sagði á aðalfundinum að allir sem hlutu viðurkenningu hafi unnið sitt starf af trúmennsku og óeigingirni. „Það er gaman fyrir félagið að geta sýnt því fólki sem starfað hefur lengi fyrir félagið og ekki síst sína samstarfsfélaga smá þakk-lætisvott fyrir hið mikla starf sem þeir hafa innt af hendi,“ sagði Björn.

Þeir sem hlutu gullmerki félagsins eru eftirtaldir:

Ingibjörg Ólafsdóttir

Hún starfaði mikið fyrir Verkalýðsfélagið Vöku á Siglufirði sem trúnaðarmaður og sat auk þess í stjórnnum og ráðum þess. Eftir sameiningu

félaganna hefur hún verið trúnaðarmaður hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar auk þess að vera í trúnaðarráði og samninganefnd félagsins.

Magnús Björnsson

Hann hefur verið virkur félagsmaður bæði hjá lögju félagi verksmiðju-fólks og einnig hjá Einingu-lögju eftir sameiningu félaganna. Hann er búinn að vera lengi trúnaðarmaður á sínum vinnustað setið í samninganefndum og trúnaðarráði auk fjölda nefnda innan félagsins. Hann hefur setið í stjórn Matvæla- og þjónustudeildar félagsins frá upphafi.

Sólveig Jónasdóttir

Hún hefur verið mjög virkur félagsmaður og setið í stjórnnum og ráðum innan Einingar-lögju og verið trúnaðarmaður á sínum vinnustað. Hún er einn af þeim félagsmönnum sem alltaf er til í að vinna fyrir félagið og hefur rækt það með stakri þryði.



Tveir af þremur gullmerkjahöfum ásamt formanni og varaformanni félagsins. F.v.: Anna Júlíusdóttir, Sólveig Jónasdóttir, Magnús Björnsson og Björn Snæbjörnsson.



Björn afhenti Ingibjörgu merkið þann 1. maí sl. í Fjallabyggð.

um að félagsmenn sem leita til þeirra án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Í lok árs 2012 voru 327 félagsmenn Einingar-löju á atvinnuleysisráði, þ.e.a.s. þeir sem létu draga félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum hjá félaginu. Þetta er þó fækkun um 13 einstaklinga á atvinnuleysisráði frá árinu á undan.“

Sjálfkjörið í stjórn og trúnaðarráð

Sjálfkjörið var í stjórn og trúnaðarráð félagsins þar sem aðeins einn listi barst með tilnefningum. Stjórn Einingar-löju skipa nú: Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari og síðan svæðisfulltrúarnir fimm, þau Guðrún Þorbjarnardóttir, Ingvar Sigurbjörnsson, Hafdis Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir og Róbert Þorsteinsson, og formenn deildanna þriggja, þau Sigríður K. Bjarkadóttir, Ingvar Kristjánsson og Margrét H. Marvinsdóttir.

Björn sagði frá því að Marsibil E. Kristjánsdóttir hefði hætt á árinu sem svæðisfulltrúi í Grýtubakkahreppi þar sem hún var hætt á vinnumarkaði vegna örorku, en í reglum félagsins er ákvæði um að fólk fari úr trúnaðarstöðum þegar það hættir á vinnumarkaði. „Marsibil er búin að vera lengi í forystu félagsins og er henni þakkað fyrir hennar góðu störf fyrir félagið. Margir aðrir hafa hætt í störfum fyrir félagið og er þeim þakkað fyrir þeirra störf. Í þeirra stað hefur valist þrjú fólk. Það er ánægjulegt að vita að það er aldrei vandamál að fá fólk til starfa fyrir félagið hafið mikla þökk fyrir það,“ sagði Björn

Á heimasíðu félagsins er hægt að nálgast árskýrsluna í heild sinni, sem inniheldur skýrslu stjórnar sem og ársreikning félagsins.



Vinningshafar af aðalfundi

Á aðalfundi félagsins var efnt til happdrættis. Nöfn allra, sem mættu á fundinn voru sett í kassa og svo voru nöfn sex heppinna Einingar-löjufélaga dregin út.

Vinningar kvöldsins var *bakpoki sem merkur er félaginu, tvö gjafabréf í Menningarhúsið HOF, hvort að upphæð kr. 10.000, og tvö gjafabréf á veitingahúsið Strikið, hvort að upphæð kr. 10.000.* Aðalvinningur kvöldsins var tveggja binda ritverkið *Saga ASÍ sem kom nýlega út.*

Hægt er að nota gjafabréfin í HOF við miðakaup á alla viðburði í Hofi, í verslunina og á veitingastaðnum 1862 Nordic Bistro. Gjafabréfin á Strikið má nota til að fá sér dýrindis mat á stað sem býður upp á frábært útsýni yfir Eyjafjörðinn og Akureyri.

Nöfn eftirfarandi félagsmanna voru dregin úr pottinum:

Ásta Gestsdóttir fékk Sögu ASÍ.

Elsa Sigmundsdóttir og Magnús Björnsson fengu gjafabréf í HOF.

Auður Þorsteindóttir og Steinþór Lúthersson fengu gjafabréf á Strikið.

Sigurður Sigurðsson fékk bakpoka.





**Eitt kort
35 vötn
6.900 kr**

www.veidikortid.is



**Elliðavatn
komið á
kortið!**

Kynnið ykkur sértíloboð til félagsmanna á skrifstofu



MIÐLUN
FASTEIGNIR

S: 412 1600

To the members of Eining-löjja

Everyone is entitled to a vacation; a minimum vacation is to be 24 working days. If an employee falls ill during vacation, the period of illness is not counted as vacation, on condition that the employee prove by doctor's certificate that he/she is not able to take a vacation. Notification to a superior is to be made immediately, by phone or telegram, in case of illness or accident during vacation.

Holiday bonus

Eining-löjja reminds its members of their right to receive a holiday bonus. Employees who have earned full vacation rights by working for the same employer during the past full year, defined as lasting from 1 May to 30 April, and were in employment during the last week of April or the first week of May, will be paid on 1 May or 1 June a special single-sum holiday bonus. This year's amount for those who work in the private market and the State (1 June) is kr. 28,700 based on full employment, in accordance with all employment contracts. This year's amount for those who work for municipalities (1 May) is kr. 38,000, in accordance with all employment contracts. The holiday bonus is not included in the amount that forms the basis of holiday pay calculations.

Fosshotels offer reduced rates

Eining-löjja will be selling coupons for accommodation in all Fosshotels hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 6,000 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one night. Breakfast is included. The coupons are available at the Eining-löjja offices. Guests make their own bookings.

For more information see www.fosshotels.is

The Edda hotels offer reduced rates

Eining-löjja will be selling coupons for accommodation in all Edda hotels in Iceland. The price of one coupon is kr. 6,000 and it is valid for two persons in a double room with wash basin for one



night. Breakfast is not included. Union members will not lose credit points when buying these coupons which makes this an attractive option, for, according to the price list of the Edda hotels for summer 2013, the price of a room of this type is kr. 12,900. The coupons are available at the Eining-löjja offices.

Children can share the rooms with grownups without extra charge if people take along a sleeping bag or bed linen. The Edda hotels provide mattresses if needed. The coupons may be used in all the Edda hotels around the country. Guests make their own bookings.

For more information see www.hoteledda.is

Veidikortið

Members of Eining-löjja can this summer buy Veidikortið. The card is for sale at the Eining-löjja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík for only kr. 2,500 but full price is kr. 6,900. The card provides almost unlimited access to over 35 lakes throughout the country.

For more information and a list of lakes see www.veidikortid.is

Camping Card

Members of Eining-löjja can this summer buy the Camping Card. The card is for sale at the Eining-löjja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík for only kr. 8,000 but full price is kr. 14,900. Camping Card holder can stay with the spouse and up to four children under the age of 16 on the way at over 40 camping sites all around the country. You may stay for up to four consecutive

nights at each campsite. You may stay in each camp site as often as you want. For more information see www.utilegukortid.is

Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löjja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 635. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.



Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work.

It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Please contact Eining-löjja office for further information relating to the composition of written employment contracts and special forms for writing such contracts.

Period of notice

- Mutual right
- Notice shall be in writing.
- Notice shall be dated from and including the 1st of a month.

During the first two weeks of work, a notice period does not apply.

After 2 weeks of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 12 calendar days.

After 3 months of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 1 month, based on the turn of the month.

After 3 years of uninterrupted work for the same employer, the notice period is 3 months, based on the turn of the month.



Átt þú rétt á orlofsuppbót?

Eining-löja vill minna félagsmenn sína á rétt sinn til að fá greidda svokallaða orlofsuppbót. Samkvæmt kjarasamningnum skal starfsfólk, sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár (1. maí til 30. apríl) og var í starfi í síðustu viku apríl eða fyrstu viku í maí, fá greidda sérstaka eingreiðslu, svokallaða orlofsuppbót.

Þeir sem starfa eftir almenna samningnum og hjá ríkinu eiga að fá orlofsuppbótina borgaða 1. júní og þeir sem starfa hjá sveitarfélögum þann 1. maí.

Orlofsuppbót hjá þeim sem starfa hjá sveitarfélögum er kr. 38.000 árið 2013. Orlofsuppbót á almenna markaðinum og hjá ríkinu er kr. 28.700 árið 2013. Þetta á við um þá sem eru í 100% starfi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur yfir upphæð orlofsgreiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma.



Skrifstofa PACTA er á 2. hæð í Hafnarstræti 91-95.

PACTA lögmenn - félagsmenn fá 15% afslátt

Rétt er að minna á samning sem Eining-löja er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðipjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er samkvæmt samningnum heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-löju telja rétt að

bjóða viðkomandi félagsmanni. Eining-löja ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum.

Í samningnum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu-löju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Sendum félagsmönnum Einingar-Löju sumarkveðjur



SAMHERJI HF



Sandskeið 14
Sími 466 1597
Gsm 898 3345



Kjúklingasalat Backpackers

Að þessu sinni fékk blaðið starfsfólk Akureyri Backpackers til að gefa lesendum blaðsins gómsæta sumaruppskrift. En hvað er Akureyri Backpackers?

„Akureyri Backpackers er hostel sem staðsett er í Hafnarstræti 98, í fallegu gömlu og nýuppgerðu húsi í miðbæ Akureyrar. Í húsinu eru rúmlega 100 gistirými á 3 hæðum. Á jarðhæð hússins er móttaka og upplýsingamiðstöð fyrir ferðalanga þar sem einnig er hægt að bóka ævin-
týraferðir af ýmsum toga.

Heimilislegt kaffi- og veitinghús er líka staðsett á jarðhæðinni. Á Backpackers er farið á fætur við fyrsta hanagal og því opnar kaffihúsið okkar kl. 7:30. Hægt er að fá morgunmat alla daga vikunnar til kl. 10, alltaf heitt á könnunni, nýjustu dagblöðin og heimabakaðar kökur. Tónlistarviðburðir eru reglulega á Backpackersbarnum og alltaf ókeypis inn.

Veitingastaðurinn okkar opnaði í desember síðastliðnum. Þar er boðið upp á ýmsa skemmtilega rétti af bistro matseðli þar sem ferskleikinn er í fyrirrúmi. Á virkum dögum er boðið upp á „rétt dagsins“ sem kokkurinn okkar velur hverju sinni. Allar helgar og rauða daga er svo boðið upp á brunch á milli kl. 10 og 15.

Við deilum hér með ykkur yndislegu kjúklingasalati Backpackers.“

Kjúklingasalat Backpackers

2-3 kjúklingabringur
10 msk sweet chilli sósa
Sesamfræ, eftir smekk
Salt og pipar

Salatblanda

1 agúrka
1 græn paprika
1 rauð paprika
1 rauðlaukur
Slatti kirsuberjatómatar, skornir í fjóra báta hver
Fetaostur
1-2 jarðaber á hvern disk, skornir í fernt
Mulið nachos, eftir smekk
Balsamikedik

1. Skerið kjúklingabringurnar í litla bita, hitið olíu á pönnu og steikið bitana við vægan hita. Kryddið með smá salti og pipar. Þegar bringan er að verða tilbúin, bætið þá sweet chili sósunni og sesamfræjunum saman við og hrærið vel í. Bætið 5 msk af vatni við og látið malla í 2 mínútur.
2. Skerið grænmetið smátt niður, rífið gúrkuna niður í strimla og blandið við salatið.
3. Bætið kjúklingabringu, balsamikediki, fetaosti og jarðarberjum saman við salatið og blandið vel.
4. Setjið salatblönduna á disk, myljið nachos og dreifið yfir. Mjög gott að rífa parmesan ost yfir og krydda smá með salti og pipar í lokin.



Ertu þreyttur á að beygja þig til að komast í skóna?

Langbestu og sterkustu skóhornin, 75 cm löng.



EILÍÐARÁBYRGÐ!

B BLIKKRÁS
AKUREYRI

Óseyri 16 - Sími 462 7770 - www.blikkras.is

Nauðsynlegt að hafa það skriflegt

Miðvikudaginn 19. júní 2013 var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands dómur í máli launþega, félagsmanns Einingarlöju, gegn atvinnurekanda á Akureyri. Í málinu krafði hann vinnuveitandann um vangoldin orlofslaun við starfslok. Launþeginn taldi að hann hefði ekki fengið greitt orlof af launum sínum um nokkurra ára skeið. Hann kvaðst hafa gert við þetta munnlegar athugasemdir við vinnuveitandann nokkrum sinnum á þeim árum sem hann vann hjá félaginu, en hafði ekki gert það skriflega.

Vinnuveitandinn neitaði greiðsluskyldu og byggði m.a. á því að orlofslaun hafi verið hluti af heildarlaunum launþegans auk þess sem hann hafi sýnt af sér tómlæti með því að hreyfa engum andmælum við þeirri framkvæmd, en með því mótmælti vinnuveitandinn staðhæfingu launþegans um að hann hefði gert athugasemdir við fyrirkomulag

orlofsgreiðslna. Í dómi Hæstaréttar kom fram að tilhögun vinnuveitandans við greiðslu orlofs hafi farið í bága við fyrirmæli 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof. Þess væri þó að gæta að launþeginn hafi ekki getað látið átölulaust um árabíl hvernig staðið var að uppgjörinu í trausti þess að geta haft uppi kröfu í kjölfar starfsloka, en dómurinn taldi að launþeginn yrði að sanna að hann hefði gert athugasemdir. Þegar af þeirri ástæðu að launþeginn hafði ekki gert reka að því að halda fram ætlaðri kröfu staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um að sýkna vinnuveitandann af kröfu launþegans.

Dómurinn sýnir að það er mjög mikilvægt að félagsmenn gæti eigin réttar í garð vinnuveitanda með formlegum hætti, um leið og þeir verða þess áskynja að þeir njóti ekki þeirra kjara sem þeir telja sig hafa samið um. Þau skref kunna að virðast þung, að fara með ákveðnum og skriflegum hætti gegn vinnuveitanda sínum með kröfur um laun eða

önnur starfskjör. Dómurinn í ofangreindu máli staðfestir að eina leiðin fyrir félagsmenn til að tryggja sér sönnun fyrir athugasemdum er að gera þær skriflega. Um leið er líka nauðsynlegt að fylgja málinu eftir, því hætt er við að litlið verði svo á, að félagsmaður tapi réttinum til að krefjast úrbóta, geri hann það ekki beint í kjölfar þess að hann verður var við að hann sé vanhaldinn í launum eða öðrum kjörum.

Ef félagsmaður telur sig hlunntarinn í launum er mikilvægt að hafa strax samband við félagið og fá liðsinni þess við að yfirfara starfskjörin og meta hvaða viðbrögð eru rétt í hverju tilviki. Í flestum tilvikum er þess að vænta að mál leysist með góðu samkomlagi vinnuveitanda og viðkomandi starfsmanns, ef einhverjir hnökur kunna að vera á kjörum. Í öðrum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að færa mál í formlegan farveg og fylgja réttindum félagsmanns fast eftir með skriflegri kröfugerð.

Hefur þú lent í vinnuslysi? Kannaðu rétt þinn!

Alkunna er að slysin gera ekki boð á undan sér. Vinnuslys hafa oft á tíðum mikil áhrif á tjónþola sem jafnvel þurfa að vera lengi frá vinnu með tilheyrandi tekjuskurðingu. Því miður glíma margir við afleiðingar slíkra slysa lengi og jafnvel alla ævi. Launþegar á Íslandi eru tryggðir í vinnu sinni hjá vinnuveitanda og eiga því rétt á bótum frá tryggingafélagi hans.

Þá eiga launþegar rétt á bótum vegna vinnuslysa úr almannatryggingakerfinu, skv. almennum reglum þar um. Í sumum tilvikum er um að ræða atvik sem aðrir bera ábyrgð á og gæti því reynt á reglur skaðabótaréttarins varðandi uppgjör bóta.

Afar mikilvægt er að þeir sem verða fyrir líkamstjóni, til dæmis í vinnuslysum, afli sér upplýsinga um réttarstöðu sína strax og unnt er og setji sig í samband við starfsmenn Einingarlöju. Slík könnun þarf að fara af stað sem fyrst, bæði vegna þess að það er ekki einhlítt að bótaréttur sé fyrir hendi þó að slys verði, en ekki síður vegna þess að samkvæmt lögum ber að tilkynna um slys til viðkomandi tryggingafélags eða Sjúkratrygginga Íslands, innan árs frá því að þau verða.

Miklu skiptir því að staðan verði könnuð sem fyrst og að þeir félagsmenn Einingarlöju sem lent hafa í vinnuslysum kanni rétt sinn svo fljótt sem unnt er með því að setja sig í samband við félagið.

Eining-löja býður félagsmönnum sínum uppá viðtal við lögmann, sér að kostnaðarlausu og eru þeir félagsmenn sem lenda eða lent hafa í



vinnuslysum hvattir til þess að setja sig í samband við félagið sem fyrst svo unnt verði að koma þeirra málum í réttan farveg og gæta réttar þeirra í hvívetna.

Eining-löja er með samning um lögfræðisþjónustu fyrir félagsmenn við PACTA lögmann Akureyri, Hafnarstræti 91-95, en lögmann stofunnar hafa góða reynslu af vinnu við slysamál ýmiskonar.

Fjöldmennni tók þátt í 1. maí hátíðarhöldum á Akureyri



Kuldi og smá snjócoma stöðvaði ekki Akureyringa og nærsveituna í að taka þátt í fjölmennustu kröfugöngu í áraradír sem stéttarfélagin á Akureyri stöðu fyrir þann 1. maí sl., á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks. Á annað hundrað manns mættu einnig í kaffiveislu á skrifstofu stéttarfélaganna í Fjallabyggð.

Kjörorð dagsins voru; „**Kaupmáttur – Atvinna – Velferð**“. Gengið var frá Alþýðuhúsinu gegnum miðbæinn og að Hofi, þar sem fram fór dagskrá í tilefni dagsins. Húsfyllir var í Hofi, þar sem Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi SFR stéttarfélags í almannajónustu, flutti ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna við Eyjafjörð og Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalars stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu, flutti aðalræðu dagsins. Auk þess var



boðið upp á skemmtiatriði, happdrætti og glæsilegt kökuhlaðborð sem veitingahúsið 1862 Nordic Bistro útbjó.

Óskar sagði m.a. í ávarpinu að nú eins og endranær er það samstaðan meðal launamanna sem skilar árangri. „Mörg stéttarfélög eru að hefja undirbúning fyrir næstu kjarasamningaviðræður. Vilt þú taka þátt? Vilt þú vera gerandi í því að skapa launafólki, börnum þínum og foreldrum alvöru velferðarsamfélag? Gefðu þig fram og vertu virkur félagsmaður í að móta samfélag þar sem hagsmunir allra eru virtir! Allir fyrir einn og einn fyrir alla.“ Ávarpið í heild má lesa hér á eftir. Ávarpið sem Jakobína flutti og fleiri myndir frá hátíðarhöldunum má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is.

1. maí ávarp stéttarfélaganna við Eyjafjörð 2013

Nú eru nýafstaðnar kosningar um nýja „ráðamenn þjóðarinnar“ og spurt er hvernig þeim muni takast að tryggja að kjörorð dagsins Kaupmáttur – Atvinna – Velferð verði fullnægt á næstunni. Kaupmáttur er það sem skiptir vinnandi fólki mestu máli og þó svo laun séu hækkuð þá segir það ekki alla söguna. Verðbólga er ávisun á kjararýmum þannig að kaupmáttur minnkar í samfélagi þar sem verðbólgan fær að leika lausum hala, verðlag hækkar og neytendur eru látnir borga brúsann. Kemur það einna verst niður á rekstri heimilanna. Við vitum öll að matvara hefur hækkað stjórnlaust, húsnæðiskostnaður hefur margfaldast hjá öllum, stórfeld eignaupptaka hefur átt sér stað hjá stórum hópi launafólks. Rekstur bifreiðar er orðin munaðarvara, fólk veigrar sér við að kaupa eðlilegar tryggingar, og tólmstundir eru orðnar gæluverkefni og svona mætti lengi telja. Hversu mikil lífsgæði er eðlilegt að miða við hjá þjóð sem er eins auðug eins og Íslendingar eru? Er það eðlilegt að vinnandi fólk þræli sér út og setji alla sína fjármuni í fjármálakerfi? Fólk þarf að geta lagt fyrir til að eiga fyrir óvæntum útgjöldum sem ekki gera boð á undan sér. Ansi margir hafa þurft að ganga freklega á varasjóði og séreignasparnað. Við skulum ekki gleyma því að þeir fjármunir verða bara notaðir einu sinni. Á sama tíma og þrengt hefur verið að almennu launafólki hefur kjararýmum hjá auðmönnum og hæstu tekjuhópnum komið að stórum hluta til vegna lækkunar fjármagnstekna!

Í undanförunum samningum hefur það verið stefna verkalyðshreyfingarinnar að byggja upp kaupmátt til lengri tíma. Forsenda samninganna hefur verið annars vegar að halda verðbólgu í skefjum og skapa um leið samstöðu um að launaþróun hópa verði þeim í hag sem búa við lakari kjör. Mikilvægt er að samfélagið allt taki á með verkalyðshreyfingunni í viðureigninni við verðbólguna. Allir launa-

Munið eftir www.ein.is

menn njóta hags af stöðugu verðlagi og þess vegna er sanngjarnt að allir leggi sitt af mörkum. Í þessari baráttu eiga stundarhagsmunir ekki að ráða för heldur langtíma-markmið.

Atvinna og atvinnumál er hryggjarsúlan í heimilisrekstri hvernar fjölskyldu á Íslandi og hafa löngum verið mikið í umræðunni og hart um þau deilt meðal stjórnmalaflokka, yfirvalda og hagsmunasamtaka. Ýmsir þættir hafa haft mikil áhrif á það hvernig atvinnustefna á Íslandi hefur þróast. En hvernig stendur á því að við sem þjóð skulum ekki ná því að koma hjólum atvinnulífsins á skrið og fjölgað störfum? Landið okkar er ríkt af auðlindum til lands og sjávar, þjóðin er vel menntuð og hugrökk, en það er eins og við getum ekki komið okkur saman um hvernig við stígum skrefin til framfara. Hvað gera framleiðendur þessa lands? Af hverju eru þeir með framleiðslu á íslenskum vörum í Asíu og í austur Evrópu? Af hverju? Hvað finnst okkur um það? Jú, þeir segja að launakostnaður er svo lágur þar! Á meðan laun á Íslandi duga ekki til að framfleyta fjölskyldum. Hver eru þá launin þar? Og hvað eru þetta mörg störf sem með þessum hætti hafa verið flutt úr landi. Erum við meðal þeirra þjóða sem láta aðrar þjóðir vinna hágæðavörur fyrir okkur á launum sem við myndum ekki opna dyr fyrir?

Allir þessir þættir eru síðan forsenda „Velferðar“. Heilbrigði sem byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri líðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings við umhverfi sitt og félagslegum kringumstæðum. Helstu áherslur þættir heilbrigðis eru jákvæð og raunsonn sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Allir þurfa að fá tækifæri til að njóta styrkleika sinna og byggja upp trausta sjálfsmynd sem er undirstaða þess að geta tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið líf og eigið heilbrigði.

Skólar, heilbrigðisstofnanir, félagsþjónusta og íþróttafélög þurfa meðal annarra að huga að velferð og vellíðan þegna sinna óháð efnahag og aðstæðum. Börn efnaminni foreldra eiga ekki að vera skilin eftir í myrkum skúmaskotum þaðan sem þau mega horfa á velklædd börn brodborgarana leika sér í sólskininu. Slíkt og því líkt er ekki boðlegt í siðaðra manna samfélagi.

Atvinnuleysið bitnar mest á ungu fólki sem litla reynslu hefur af lífsbaráttunni og hafa hvorki lokið framhaldsskóla- eða starfsnámi. Margar leiðir eru til við að aðstoða unga

fólkið til að auka þekkingu sína og möguleika, svo það verði meðvitað um stöðu sína á vinnumarkaði.

Nú eins og endranær er það samstaðan meðal launamanna sem skilar árangri. Mörg stéttarfélög eru að hefja undirbúning fyrir næstu kjarasamningaviðræður. Vilt þú taka þátt? Vilt þú vera gerandi í því að skapa launafólki, börnum þínum og foreldrum alvöru velferðarsamfélag? Gefðu þig fram og vertu virkur félagsmaður í að móta samfélag þar sem hagsmunir allra eru virtir!

Allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Fyrsta mánefnd stéttarfélaganna á Akureyri.



HAGSMÍÐI
TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI
SÍMAR 893 5840 & 771 6816



Frábær Berlínarferð

Dagana 21. til 25. apríl sl. lagði 25 manna hópur frá félaginu land undir fót og fór í náms- og kynnisferð til Berlínar. Þarna voru á ferð starfsmenn og stjórnarmenn félagsins ásamt mökum. Þó ferðin væri náms- og kynnisferð var ákveðið að hver og einn myndi borga allan kostnað við ferðina, en starfsmenn og stjórnarmenn sóttu um styrk í sinn fræðslusjóð; Landsmennt, Ríkismennt eða Sveitamennt.

Fyrsta daginn, sunnudaginn 21. apríl, var rétt svo tími til að fara heima á hótél og losa sig við farangurinn áður en farið var í fjögurra klst. skoðunarferð um Berlín. Skoðunarferðin var alveg frábær, en í henni var lögð áhersla á pólitíska sögu Berlínar og sögu stéttarféлага í borginni. M.a. var minnismerki um helförina skoðað, en um er að ræða 2.711 misstóra steinsteypukassa sem mynda eins konar völundarhús á svæði sem er á stærð við þrjá fótboltavelli. Minnismerkið er við Brandenborgarhlíðið í miðri borginni, skammt frá staðnum þar sem áður stóð kanslarahöll Adolfs Hitlers og byrgið þar sem hann svipti sig lífi voríð 1945.

Að morgni mánudagsins var farið í heimsókn til DGB,

Alþýðusambands Þýskalands. Þar fræddist hópurinn um þeirra starf, m.a. um uppbyggingu félagsins, stefnumótun og um áhrif og samskipti stéttarféлага innan Evrópusambandsins. Einnig fór fram kynning á hvernig starfsendurhæfingu í Þýskalandi er háttað. Eftir hádegi var farið í heimsókn í fyrirtækið Berliner Stadtreinigungsbetriebe, sem er sorpbrennslustöð. Þar fékk hópurinn kynningu á fyrirtækisráði sem starfar innan þess fyrirtækis. Fjallað var um erfiðleika í samningaviðræðum og farið yfir helstu vandamál. Fyrirtækið var einnig kynnt og svo var farin skoðunarferð um það. Það vakti athygli hópsins hve allt umhverfi stöðvarinnar og stöðin sjálf var snyrtileg og að engin vond lykt væri á svæðinu. Ekki var hægt að sjá að í stöðina koma tæplega 1,2 milljón tonn af sorpi á ári í brennslu.

Síðasta heimsókn mánudagsins var til Sambands slystrygginga Þýskalands þar sem hópurinn fékk fræðslu um hvernig staðið væri að starfsendurhæfingu eftir vinnuslys.

Næst stærsta stéttarfélag í heimi

Á þriðjudaginn heimsótti hópurinn Ver.di, annað stærsta stéttarfélag í heimi, en það er með tvær milljónir og eitt hundruð félagsmenn og starfar á opinbera vettvanginum. Skrifstofubygging félagsins var skoðuð og farið yfir starfssemi þeirra, skipulag o.fl. Þegar hópurinn skoðaði bygginguna var spurt hve margir starfsmenn störfuðu þar og var svarið um 5.300.

Að lokum hlýddi hópurinn á erindi frá prófessor Busch sem hefur starfað við Evrópumál í 30 ár. Erindi hans fjallaði um stéttarfélög og áhrif þeirra innan Evrópusambandsins. Erindið var fróðlegt og svaraði hann fjölmörgum spurningum um Evrópusambandið. Hann taldi að við þyrftum ekki að kvarta, við byggjum á landi sem væri himnaríki á jörð.

Heimsóknirnar tókust mjög vel og öll erindin voru frábær. Hópurinn kom fróðari heim en hann lærði margt nýtsamlegt í ferðinni sem mun vonandi skila sér til félagsmanna.



VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda. Áhersla er lögð á að koma snemma

Afsláttarkort AN

Eining-löja hvetur félagsmenn og aðra sem eru í félögum innan Alþýðusambands Norðurlands að nýta sér þá afslætti sem Afsláttarkort AN veitir.



Félagið notaði trúnaðarmannakerfið til að dreifa kortunum til félagsmanna Einingar-löju og bendum við á að þeir sem ekki hafa fengið kortið í hendur geta nálgast það á skrifstofum félagsins, á Akureyri, Dalvík eða Siglufirði.

Unnið er að því að bæta við nýjum samstarfsaðilum til hagsbóta fyrir félagsmenn. Á síðustu vikum er t.d. búið að skrifa undir samninga við Hamborgarafabrikuna, tískuvöruverslunina Imperial á Glerártorgi, Vikudag, kvenfataverslunina Rikku á Glerártorgi, Akureyri Backpackers, Tryggingamiðstöðina, Bílanaust og Sundlaug Akureyrar. Einnig var gengið frá fjórum samningum á Sauðárkróki í síðustu viku. Nú fá félagsmenn sem þar eru á ferð 10% afslátt á gistingu, 15% afslátt á Hard wok cafe, 10% afslátt af vörum og þjónustu hjá bílaverkstæði KS og sérverð inn á Byggðasafn Skagfirðinga sem er með þrjá sýningarstaði.

Á heimasíðu félagsins er hægt að kynna sé alla þá fjölmörgu afslætti sem félagsmönnum standa til boða.

Það sem **gott** er að hafa í huga þegar þú **sækir um vinnu**

Það eru margir sem á hverju sumri stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaði og þá getur verið gott að fá lágmarksleiðbeiningar um það hvernig skuli bera sig að. Hér fara á eftir nokkur atriði sem gott er að hafa í huga og spyrja um þegar tekið er við nýju starfi, hvort sem um sumarstarf eða framtíðarstarf er að ræða. Það getur komið í veg fyrir misskilning síðar meir.

- Spyrja um kaup og kjör.
- Vita hvaða störfum þú átt að sinna.
- Fá upplýsingar um daglegan vinnutíma, kaffitíma og hvenær vinnudegi eða vöktum lýkur.
- Vita hverjar skyldur þínar og réttindi eru.

að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum. Þeir einstaklingar sem eiga rétt á þjónustu eru allir þeir sem sækja um dagpeningagreiðslur úr sjúkrasjóði og einnig þeir sem einhverra hluta vegna geta ekki sinnt störfum sínum vegna heilsubrests. Þjónustan er notendum að kostnaðarlausu og fyllsta trúnaðar er gætt í hvívetna.



Hildur Petra.

Nýr ráðgjafi

Þann 1. maí sl. hóf Hildur Petra Friðriksdóttir störf sem ráðgjafi hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði á félagssvæðinu. Hildur mun starfa hjá sjóðnum á meðan Anna Guðný er í fæðingarorlofi. Netfangið hjá Hildi Petru er hildurpetra@ein.is.

Hildur Petra er með B.A. gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands og starfaði sem VIRK ráðgjafi hjá VR áður en hún fluttist til Akureyrar. Áður starfaði hún við félagsstarf hjá Hrafnistu í Reykjavík, Hafnarfirði og Vífilsstöðum í þrjú og hálf ár. Einnig starfaði hún sem leiðbeinandi á leikskólum um árabil auk þess sem hún gegndi stöðu aðstoðarleikskólastjóra á leikskólanum Bergi.

Þrjú aðrir ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði. Dalrós J. Halldórsdóttir, dalros@ein.is, Elsa Sigmundsdóttir, elsa@ein.is, sem er verkefnastjóri á meðan Anna Guðný er í fæðingarorlofi og Nicole Kristjánsson, nicki@ein.is. Þær eru starfsmenn Einingar-löju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu, og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Hægt er að ná í ráðgjafana í síma 460 3600. Eining-löja fær endurgreitt frá VIRK allan kostnað vegna þessara starfsmanna, þar á meðal vegna launa og húsnæðis.

Ráðgjafarnir eru með fasta viðveru á skrifstofu Einingar-löju í Fjallabyggð á miðvikudögum og á skrifstofu félagsins á Dalvík á þriðjudögum.

Nánari upplýsingar um VIRK má fá á heimasíðu Virk Starfsendurhæfingarsjóðs, www.virk.is.



Dalrós.



Nicole.



Elsa.

Brunch

á hlaðborði alla sunnudaga
frá 11.00-14.00

1862

nordic bistro

Menningarhúsinu Hofi – Akureyri | Sími 466-1862 | www.1862.is

Mikil viðbrögð við auglýsingu frá félaginu

Í vor birti félagið auglýsingar í fjölmiðlum þar sem starfsmenn í ferðaþjónustu eru minntir á réttindi sín. Félagið dreifði henni einnig á veitingastaði, hótél, gistiheimili og aðra staði sem eru í ferðaþjónustu. Að gefnu tilefni var ákveðið að birta í auglýsingunum nokkur áhersluatriði úr kjarasamningi þar sem upp hafa komið mál þar sem réttur launþega er ekki virtur. Auglýsingin vakti mikil viðbrögð því fjölmargir höfðu samband við félagin og leitðu ráðgjafar.

Af gefnu tilefni vill Eining-löjja hvetja launþega til að skoða launaseðlana sína vel og hafa samband við félagið ef það telur að hlutirnir séu ekki í lagi. Það virðist t.d. vera talsvert um að fólk sé ráðið á jafnaðarkaupi, þó slíkt sé ekki til í kjarasamningum. Það á að greiða dagvinnu og yfirvinnu eða vaktaálag ef um vaktavinnu er að

ræða. Það virðist líka vera mikið um að vaktir hafi ekki upphaf eða endi og að þær séu ekki samfelldar. Það eru til reglur um vaktskrá sem ber að fara eftir. Ennfremur eru mörg dæmi um að samið sé um svonefnd verktakalaun en þá er ekkert greitt í lífeyrissjóð, til stéttarfélags og annað. Í slíkum tilvikum verður launþegi að huga að þeim þáttum sjálfur og það breytir heildardæminu verulega.

Þetta vandamál einskorðast ekki við félagssvæði Einingar-löjju. Á bls. 9 má finna ályktun um sama mál sem samþykkt var á formannafundi SGS nýverið.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofum félagsins, í síma 460 3600 og á www.ein.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á ein@ein.is.

Athugið! Öll mál sem til félagsins koma eru trúnaðarmál.

Ert þú að vinna á veitingastað, hóteli, gistiheimili eða í annarri ferðaþjónustu?

Nokkur áhersluatriði úr kjarasamningi:

- Þeir sem verða 16 og 17 ára á árinu eiga strax að fá greitt miðað við 16 og 17 ára taxa.
- 22 ára tilfallur jafngildir starfsári eftir eitt ár.
- Hámarks dagvinnutími á mánuði er 172 klst., eftir það greiðt yfirvina sem er 80% þarri en dagvina.
- Hámarkslengd vaktar er 12 klst.
- Hvenær lýkur þínni vakt? Vakt skal skilja með upphaf og endi í vaktaplani. Vaktaplan skal setja upp fyrir um vikum áður en vinnu hefst.
- Í vaktavinnu greiðt álag á þessum hluta 40 stunda vinnu sem fellur utan dagvinnutímabili:
33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - 00:00 mánudaga til fimtudaga
45% álag á tímabilinu kl. 00:00 - 04:00 allar nætur tvo og laugardaga og sunnudaga.
- Neyðuhúli skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og útkjætt eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnenda.
- Öfrennt er að hafa orlof íforstöð í launataxta.
- Kafnarkaup er ekki til í kjarasamningum.
- Að lagmarki skal barga 4 klst. í útkalli.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofum félagsins, í síma 460 3600 og á www.ein.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á ein@ein.is

ATHUGIÐ! Öll mál sem koma til félagsins eru trúnaðarmál

EINING-LÖJJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!

www.ein.is



Bókagjöf til bókasafna og skóla á svæðinu

Stjórn félagsins ákvað sl. vetur að færa öllum bókasöfnum og skólum á félagssvæðinu sögu ASÍ að gjöf. Í byrjun apríl efndi félagið til samkomu þar sem 33 skólar og bókasöfn fengu boð um að mæta á. Þar fór fram afhending sögu ASÍ sem kom út á 97 ára afmælisdegi ASÍ þann 12. mars sl. Þeir sem komust ekki fengu bækurnar að sjálfsögðu sendar til sín. Verkið, sem er í tveimur bindum og afar veglegt, var í smíðum undanfarið ár en höfundur þess er Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur.

Söguritun samþykkt

Í byrjun febrúar stóð félagið fyrir málþingi um lífskjör iðn-ferkafólks á Akureyri á liðinni öld. Fjölmörg fróðleg erindi voru flutt á þinginu og töluðu margir þar um hve sagan

væri merkileg. Innan félagsins var búið að ræða um nauðsyn þess að glata ekki sögunni og eitthvað var búið að ræða um söguritun. Á aðalfundi félagsins var samþykkt með miklum meirihluta fundarmanna tillaga um að fela stjórn félagsins að láta skrifa sögu verkalyðs/verkalyðsfélaga á félagssvæðinu er standa Einingu-löjju frá upphafi til vorra daga.

Undanfarið hafa farið fram viðræður við tvo sagnfræðinga um verkið og á stjórnarfundi í byrjun júní var samþykkt að ganga til viðræðna við annan þeirra. Stjórnin ákvað líka á fundinum að skipa þriggja manna ritnefnd og verður Bragi Bergmann formaður hennar. Með honum í nefndinni verða tveir starfsmenn félagsins, Þorsteinn E. Arnórsson og Sigrún Lárusdóttir.

Munið eftir www.ein.is

Eru félagsgjöldin ekki örugglega að skila sér?

Fylgstu með á Félagavefnum og fáðu upplýsingar um stöðu þína. Félagsgjöld til Einingu-löju eru 1 % af launum og sér vinnuveitandi um skil þeirra til félagsins.

Til að viðhalda fullgildum félagsrétti í Einingu-löju þurfa félagsgjaldsgreiðslur að berast reglulega. Ef ekkert félags-

gjald er greitt í sex mánuði samfellt fellur viðkomandi félagsmaður af félagsskrá.

Með greiðslu lágmarksfélagsgjalda koma tiltekin réttindi. Hjá Einingu-löju hafa félagsmenn rétt til:

- **Upplýsinga um réttindi og skyldur,**
- **Aðstoðar við túlkun kjarasamninga,**
- **Aðstoðar við gerð ráðningarsamninga,**
- **Aðstoðar við útreikninga á launum og innheimtu,**
- **Aðstoðar ef upp kemur ágreiningur á vinnustað,**
- **Lögfræðiaðstoðar tengda kjaramálum,**
- **Trygginga í veikindum í gegnum sjúkrasjóðinn,**
- **Styrkja til forvarna, trygginga og endurhæfingar,**
- **Niðurgreiðslu á námi og námskeiðum,**
- **Aðgangs að orlofshúsum.**

Upphæð félagsgjalda og nafn stéttarfélags á að koma fram á launaseðli. Á Félagavef Einingar-löju á www.ein.is er hægt að fylgjast með skilum félagsgjalda og sjá yfirlit yfir greidd félagsgjöld aftur í tímann. Eining-löja hvetur félagsmenn til að skoða launaseðilinn sinn vel og fylgjast með skilum félagsgjalda á Félagavefnum.



Botnaðu nú!

Ritnefnd Einingar-löju hittist alltaf á fundi áður en gagnaöflun hefst í blöð félagsins. Stundum er hugsað að aðeins lengra en bara um næsta blað og á fundi fyrir sumarblaðið var ákveðið að vera með nýjung í jólablaðinu. Í því blaði verða birtir nokkrir fyrripartar sem á að botna og senda inn. Nefnd innan félagsins mun svo velja nokkra góða botna og verðlauna höfundu þeirra.

Nefndin ákvað að taka smá forskot á sæluna og birta þrjá fyrriparta sem lesendur geta botnað að vild. Engin verðlaun eru í boði að þessu sinni svo það á ekki að senda þá til félagsins. Góða skemmtun.

Höfundur fyrripartanna er Anna Dóra Gunnarsdóttir, en hún situr einmitt í ritnefnd félagsins.

Anna samdi fyrripartanna í maí og sagði að henni hefði dottið fátt annað í hug en veðurfarið... en ekki hvað? „Svo virðist sem loksins ætli að vora af einhverju viti. Þá hentar fyrripartur nr. 1. En Adam er ekkert lengur í Paradís nú en áður var. Þá má notast við fyrripart nr. 2. Að lokum haustar og menn lenda í vandræðum í færðinni. Hugleiðing í fyrriparti nr. 3,“ sagði Anna.

Fyrripartur nr. 1

*Sólin hækkar himni á
og hlær við öllu blið.*

Fyrripartur nr. 2

*Sumarið líður, senn kemur haust,
sólin á himninum dofnar.*

Fyrripartur nr. 3

*Á vetrum geisa veðrin ströng,
vegfarendur hræðast.*



TANNI TRAVEL

Reynsla – Metnaður – Skemmtun
Experience – Ambition – Fun



TANNI TRAVEL
20 ÁRA
1993-2013
AUSTURLAND

Tanni Travel Strandgötu 14, 735 Eskifjörður, Iceland
tannitravel@tannitravel.is / +354 476-1399 / www.tannitravel.is

 www.meetthelocals.is

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs



Fjöldmennur ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn 16. maí sl. í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri. 31 fulltrúi frá Einingu-Iðju átti rétt á setu á fundinum þar sem Ágúst Torfi Hauksson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri skýrði ársreikning sjóðsins og kynnti tryggingafræðilega úttekt sem Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerði á sjóðnum. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða að lokinni yfirferð Kára. Arne Vagn Olsen fjárfestingastjóri fór yfir fjárfestingarstefnu Stapa fyrir árið 2013 og ávöxtun sjóðsins 2012. Að lokum fór Jóna Finndís Jónsdóttir, áhættustjóri sjóðsins, yfir áhættustefnu Stapa.

Fjárfestingartekjur ársins námu ríflega 12 milljörðum króna. Nafnávöxtun sjóðsins árið 2012 nam 10,1% miðað við 5,2% árið á undan. Raunávöxtun á sama tímabili nam 5,3% samanborið við 0,0% árið 2012. Afkoman, mæld sem raunávöxtun, er sú besta frá árinu 2006. Nafnávöxtun á söfnum Séreignardeildar var á Safni I 8,8%, á Safni II 10,9% og á Safni III 7,1%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 131,6 milljarðar króna, sem er hækkun um 14,5 milljarða á milli ára.

Alls greiddu 18.505 sjóðfélagar iðgjöld til Tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2012. Fjöldi virkra sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í mánuði hverjum var 12.565. Iðgjöld ársins án tillits til framlags ríkisins til jöfnunar örorkubyrði, námu 5.913 milljónum kr. og hækkuðu um 7,3% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur Tryggingadeildar námu alls 3.241 milljón króna og hækkuðu um 5,1% frá fyrra ári. Á árinu fékk sjóðurinn greiddar 316 milljónir króna frá ríkinu vegna

jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða og hækkaði framlagið um 13% frá fyrra ári. Framlagið jafngildir um 34% af greiddum örorkulífeyri frá sjóðnum. Lífeyrisbyrði sjóðsins sem hlutfall af iðgjöldum var 55,1% samanborið við 56,2% á árinu 2011.

Líkt og undanfarin ár er Akureyrarkaupstaður stærsti launagreiðandi til sjóðsins með rétt um 300 milljónir króna í iðgjaldagreiðslur á árinu. Alls greiddu 2.609 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins á árinu 2012. Þar af greiddu 15 stærstu launagreiðendurnir sem svarar til 37% af iðgjöldum.

Að flestu leyti hagfellt rekstrarár

Í skýrslu stjórnar, sem Ágúst Torfi stjórnarformaður flutti, kom m.a. fram að árið 2012 hefði að flestu leyti verið hagfellt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Gjalddeyrishóft og fátæklegir fjárfestingakostir settu þó áfram svip á fjárfestingaumhverfi sjóðsins og höfðu áhrif á mögulega ávöxtun eigna. Hann sagði að valkostum á fjármagnsmarkaði færi þó fjölgandi og aðstæður hefðu almennt batnað. „Sjóðurinn hefur lagt áherslu á að auka vægi eigna, sem líklegar eru til að gefa hærri ávöxtun en ríkistrygð skuldabréf til lengri tíma litið. Þetta mun hafa í för með sér einhverja aukningu á áhættu í eignasafni sjóðsins en jafnframt auka líkurnar á að hann geti staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni, þannig að ekki þurfi að koma til skerðingar á réttindum. Í þessu efni verður að horfa til langs tíma, þar sem sveiflur til skemmri tíma geta verið talsverðar.“

Ágúst Torfi sagði að áunnin réttindi í Tryggingadeild hefðu verið lækkuð um 7,5% á árinu 2012 eins og samþykkt var á síðasta ársfundi. „Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði því á árinu, en hún var neikvæð um 4,0%



í árslok 2012 samanborið við 7,5% neikvæða stöðu í árslok 2011. Góð ávöxtun bætti stöðuna nokkuð, en nýjar upplýsingar um auknar lífslíkur vögu þar á móti í formi hækkunar á skuldbindingum.“ Hann sagði að nafnávöxtun Tryggingadeildar sjóðsins hefði verið 10,1% og raunávöxtun 5,3%.

Nýtt skipurit

Ágúst Torfi sagði að á árinu hefði verið haldið áfram að vinna að eflingu innra skipulags hjá sjóðnum og frekari aðgreiningu einstakra þátta í starfsemi. „Ákveðið var að koma upp fjárfestingarráði, sem eingöngu sinnir fjárfestingum og áhættustjóra sem eingöngu hefur áhættustýringu og eftirlit með höndum. Fjárfestingaráðið heyrir undir framkvæmdastjóra, sem er þó ekki meðlimur í ráðinu. Áhættustjóri er ráðinn af stjórn og heyrir beint undir hana. Það er jafnframt hlutverk áhættustjóra að sinna störfum fyrir endurskoðunarnefnd sem fylgist með innra eftirliti, endurskoðun og áhættustýringu hjá sjóðnum. Markmið sjóðsins með þessum breytingum er að uppfylla ýrustu kröfur sem gerðar eru til ábyrgðar og aðgreiningar starfa, eins og frekast er kostur miðað við stærð sjóðsins. Þrjú fagmenntaðir starfsmenn voru ráðnir til sjóðsins til að koma þessu skipulagi á. Þetta hefur vissulega í för með sér aukinn kostnað, til skemmri tíma lítið, en það var mat stjórnarinnar að skipulagsbreyting af þessu tagi væri bæði æskileg og nauðsynleg. Það byggir á því mati að sjóðurinn hafi nú náð þeirri stærð að geta staðið undir slíkri starfsemi, en einnig er verið að koma til móts við þá gagnrýni sem verið hefur á óljóst skipulag og ábyrgðarsvið innan lífeyrissjóða. Vonast er til að þessar breytingar skili sér í skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum og betri undirbúningi við ákvarðanatökur. Þá hefur þetta í för með sér að sjóðurinn sinnir nú sjálfur ýmsum verkefnum, sem áður var úthýst.“

Hæfismat FME

Ágúst Torfi fjallaði um hæfismat stjórnarmanna sem Fjármálaeftirlitið sér um. „Fjármálaeftirlitið hélt áfram að kalla stjórnarmenn sjóðsins í hæfismat á árinu. Matið fer þannig fram að stjórnarmenn eru kallaðir fyrir sérstaka ráðgjafanefnd hjá eftirlitinu, sem á grundvelli munnlegra samtala sker úr um hæfi viðkomandi stjórnarmanns. Eftirlitið hefur sett niður möguleg efnisatriði sem tekin eru fyrir í þessum samtölum, en ekki hefur verið skilgreint hver lágmarksþekking stjórnarmanns á að vera. Þó virðist fyrst og fremst lítið til þekkingar í lögfræði og endurskoðun, en ekki til þess að fjölbreytt og mismunandi þekking og reynsla stjórnarmanna sé hagfelldust fyrir stjórn lífeyrissjóðs. Þá er skoðun nefndarinnar á því hvort stjórnarmaður hafi nægjanlega þekkingu á tilteknum þætti huglægt mat nefndarmanna, sem stjórnarmaðurinn hefur enga möguleika á að sannreyna. Líóst er að stjórnarmönnum hefur líkað misvel við þessa aðferðafræði. Jafnframt eru skiptar skoðanir um mikilvægi þeirra þátta sem spurt er út í með tilliti til reksturs lífeyrissjóða. Þrjú stjórnarmenn hjá sjóðnum hafa ekki viljað una við þetta fyrirkomulag og hafa vikið úr stjórn sjóðsins þess vegna. Einn þessara aðila gaf þó kost á sér sem varamaður að ósk Samtaka atvinnulífsins. Þrátt fyrir að aðeins



væri um varamann að ræða ákvað Fjármálaeftirlitið að víkja viðkomandi frá, þar sem hann hafi ekki staðist hæfismat þegar hann var aðalmaður. Þetta var gert þrátt fyrir að engir varamenn hafi verið teknir í hæfismat. Allt þetta mál hlýtur að vekja upp vangaveltur um möguleika sjóðfélaga til að gæta hagsmuna sinna með þátttöku í stjórn sjóðsins. Mikilvægt er að bakhjarlar sjóðsins taki þetta til umræðu og móti stefnu um með hvaða hætti búið skuli um þessi mál. Ella kann að verða erfitt að manna stjórnir lífeyrissjóða í framtíðinni,“ sagði Ágúst Torfi.

Breytingar í stjórn

Stjórnarkjör fór fram en skv. samþykktum sjóðsins bar að þessu sinni að kjósa tvo fulltrúar launamanna og tvo til vara og einn fulltrúi launagreiðenda og einn til vara. Af hálfu launamanna voru Björn Snæbjörnsson og Pálína Margeirsdóttir kjörin og til vara Anna María Elíasdóttir og Sverrir Már Albertsson og af hálfu launagreiðenda var Guðrún Ingólfsdóttir kjörin aðalmaður og Gunnþór Ingvason til vara. Ný stjórn kom saman í kjölfar ársfundar og skipti með sér verkum. Björn Snæbjörnsson var kjörinn formaður stjórnar og Ágúst Torfi Hauksson varaformaður.

Þá samþykkti fundurinn tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins sem lagðar voru fyrir fundinn. Var m.a. um að ræða breytingar á fjölda stjórnarmanna, en þeim mun fjölgað úr 6 í 8, og mun stjórnarkjör á ársfundi 2014 taka mið af breyttum samþykktum. Aðrar samþykktarbreytingar voru smávægilegar.

Stjórn sjóðsins skipa nú:

Fyrir hönd launamanna: Björn Snæbjörnsson, Pálína Margeirsdóttir og Orri Freyr Oddsson. Varamenn eru: Ásgerður Pálsdóttir, Anna María Elíasdóttir og Sverrir Már Albertsson.

Fyrir hönd atvinnurekenda: Ágúst Torfi Hauksson, Guðrún Ingólfsdóttir og Unnur Haraldsdóttir. Varamenn eru: Gunnþór Ingvason, Einar Einarsson og Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

Á heimasíðu Stapa, www.stapi.is má finna ársskýrsluna og glærur frá fundinum.

Do członków związku Eining-Iðja

Prawo do korzystania z urlopu letniego

Wszyscy mają prawo do urlopu, przez okres co najmniej 24 dni roboczych. Gdy pracownik zachoruje w czasie urlopu, okresu choroby nie wlicza się do urlopu, jeśli pracownik przedłoży zwolnienie lekarskie, potwierdzające niemożność korzystania z urlopu. Natychmiast należy zgłosić przełożonemu – telefonicznie lub telegraficznie – jeśli pracownik zachoruje lub ulegnie wypadkowi w czasie urlopu.

Umowa o pracę (Ráðningarsamningar)

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę

Dodatek urlopowy (Orlofsuppbót)

Związek Zawodowy Eining-Iðja chce przypomnieć swoim członkom o przysługującym im prawie do otrzymania wypłaty dodatku urlopowego. Pracownicy, którzy wypracowali sobie pełne prawa urlopowe, pracując u tego samego pracodawcy przez cały ostatni rok urlopowy (od 1. maja do 30. kwietnia) i byli zatrudnieni w ostatnim tygodniu kwietnia lub pierwszym tygodniu maja, dostają wypłacony specjalny jednorazowy dodatek urlopowy (orlofsuppbót). Tegoroczna kwota dla tych, którzy działają na rynku prywatnym, a państwo (1 czerwca) jest kr. 28700 na podstawie pełnego zatrudnienia, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Tegoroczna kwota dla tych, którzy pracują dla gmin (1 maja) jest kr. 38000, zgodnie z wszystkich umów o pracę. Do wyżej wymienionego dodatku nie dolicza się pensji urlopowej (orlofslaun).

Zgodnie z umowami zawartymi z Federacją Pracodawców (Samtök Atvinnulífsins) należy wypłacić dodatek urlopowy na początku okresu urlopowego, ale nie później niż 15. sierpnia. Pracownicy zatrudnieni zgodnie z umowami Państwowej Komisji Umów Pracowniczych (Samninganeftnd ríkisins) mają otrzymać wypłatę tego dodatku 1. czerwca, natomiast w umowach zawartych przez Komisję Zarządów Lokalnych do Spraw Płacowych (Launanefnd Sveitarfélaga) znajduje się zapis, że dodatek urlopowy należy wypłacić 1. maja.

Fosshotels oferują obniżone stawki

Eining-Iðja będzie sprzedawał kupony zakwaterowania we wszystkich Fosshotels hoteli w Islandii. Cena jednego kuponu jest kr. 6.000 i to jest ważne dla dwóch osób w pokoju dwuosobowym z umywalką za jedną noc. Śniadanie jest wliczone. Kupony są dostępne w biurach Eining-Iðja. Gość tworzyć własne rezerwacji.

Aby uzyskać więcej informacji zobacz www.fosshotels.is

W hotelach Edda oferują obniżone stawki

Eining-Iðja będzie sprzedawał kupony zakwaterowania we wszystkich Edda hoteli w Islandii. Cena jednego kuponu jest kr. 6.000 i to jest ważne dla dwóch osób w pokoju dwuosobowym z umywalką za jedną noc. Cena nie obejmuje śniadania. Członkowie Unii nie straci punktów kredytowych kupując te kupony co czyni tę atrakcyjną opcją, ponieważ, według cennika Edda hoteli na lato 2013, cena pokoju tego typu jest kr. 12.900. Kupony są dostępne w biurach Eining-Iðja.

Dzieci mogą dzielić pokoje z dorosłymi bez dodatkowych opłat, jeśli ludzie zabrać śpiącego białynny worek lub łóżko. W hotelach Edda zapewnienia materaców w razie potrzeby. Kupony mogą być stosowane we wszystkich Edda hoteli w całym kraju. Gość tworzyć własne rezerwacji.

Aby uzyskać więcej informacji zobacz www.hoteledda.is

Karta Camping

Członkowie jednostek przemysłowych można kupić karty kemping w siedzibie firmy notowaniach. 8.000 ale pełna cena jest kr. 14.900. Karta Camping daje jej posiadaczowi prawo do pozostania z małżonkiem i do czterech dzieci do lat 16 w drodze na 40 kempingów w całym kraju.

Karta Camping może pomieścić do czterech kolejnych nocy na każdym kempingu. Nie ma ograniczeń co do liczby stworzenia kempingu.

Aby uzyskać więcej informacji na karcie dostępny jest na stronie internetowej www.utilegukortid.is

Veiðikortið

Użytkownicy Jednostki, zawodowych Veiðikortið można kupić w spółki tylko kr. 2.500 ale pełna cena jest kr. 6.900. Karta zapewnia niemal nieograniczony dostęp do 35 jezior na terenie całego kraju. Veiðikortið ważny dla jednej osoby dorosłej i dzieci poniżej 14 roku życia w towarzystwie posiadacza karty. Karta skierowana jest do osoby zidentyfikowane przez jego numeru ID.

Więcej informacji na temat www.veidikortid.is

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Można nabywać bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 635 koron. Bilety można również nabywać u przedstawicieli związku w Ólafsfjörður, na Hrísey i w Grenivíku.

Okres wypowiedzenia (Uppsagnarfrestur)

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12- dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy – obowiązuje okres 1 miesiąca wypowiedzenia, liczony od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Breytingar á Dalvík

Fyrir næstu áramót verður skrifstofa félagsins á Dalvík komin á nýjan og betri stað í bænum. Nýlega seldi félagið eign sína í Ráðhúsinu þar sem skrifstofan hefur verið til húsa til fjólða ára. Nýja skrifstofan verður í norðurendanum í Hafnarbraut 5, en félagið hefur gert langtíma leigusamning við eiganda húsnæðisins. Félagið fær húsnæðið afhent 1. september nk. og mun opna á nýjum stað þegar búið verður að ráðast í einhverjar breytingar á því.

Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins segist vera mjög ánægður með væntanleg vískað. „Það var ágætt að vera í Ráðhúsinu þó óhætt sé að segja að skrifstofan hafi verið dálítið falin þar uppi á 2. hæð. Nú erum við að fara á mjög góðan stað, við aðalgötuna í bænum, með gott aðgengi fyrir alla. Við viljum alltaf vera vel sýnileg fyrir okkar félagsmenn og auðvitað veita góða þjónustu í heimabyggð.“



ถึงสมาชิก Einingu-Iðju ทุกท่าน

สิทธิในการขอลาพักร้อน (Réttur til að taka sumarfrí) สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในการลาพักร้อน ซึ่งอย่างต่ำรวม 24 วันของวันทำงาน หากเกิดเจ็บป่วยในเวลาหยุดพักร้อน วันหยุดพักร้อนดังกล่าวจะเป็นโมฆะ และจะถือเป็นวันลาป่วยแทน ซึ่งสามารถเก็บวันที่เกิดเจ็บป่วยเอาไว้เป็นวันหยุดพักร้อนได้ แต่สมาชิกจะต้องแจ้งให้หัวหน้าทราบโดยทันทีทันใด ด้วยการโทรฯและทั้งข้อความ เพื่อแจ้งการเจ็บป่วยหรือเกิดอุบัติเหตุในขณะลาพักร้อน และต้องยื่นใบแพทย์เพื่อเป็นการยืนยันว่าป่วย มิฉะนั้นจะเสียสิทธิในการพักร้อนได้

บัตรลดดอกเบี้ย Hvalfjarðar (Miðar í Hvalfjarðargöng) สามารถหาซื้อบัตรลดดอกเบี้ย Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองอคูเรย์รี และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Siglufjörður og Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 635 โครนอร์ นอกจากนี้ยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

ท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อนหรือไม่ (Átt þú rétt á orlofsuppbót)

ตามสัญญาว่าจ้างแรงงานนั้น สมาชิกทุกท่านมีสิทธิในเงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน สมาชิกที่มีสิทธิได้รับเงินโบนัสเต็มอัตราคือ จะต้องทำงานที่เดียวกันเป็นเวลานานครบหนึ่งปีเต็ม (ตั้งแต่วันที่ 1 พฤษภาคม จนถึงวันที่ 30 เมษายน) และบุคคลที่ทำงานถึงสัปดาห์สุดท้ายของเดือนเมษายน หรือต้นเดือนพฤษภาคม ก็จะได้เงินโบนัสพิเศษภาคฤดูร้อน จำนวนของเงินโบนัสจะมากหรือน้อยนั้น ขึ้นอยู่กับสัดส่วนในการทำงานของพนักงาน และสัญญาอัตราค่าจ้างแรงงาน จำนวนในปีนั้นสำหรับผู้ที่ทำงานในตลาดเอกชนและรัฐ (1 มิถุนายน) คือ KR 28700 ขึ้นอยู่กับการจ้างงานเต็มรูปแบบให้สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง จำนวนในปีนั้นสำหรับผู้ที่ทำงานให้กับเทศบาล (1 พฤษภาคม) คือ KR 38,000 สอดคล้องกับทุกสัญญาว่าจ้าง โบนัสวันหยุดไม่รวมอยู่ในจำนวนเงินที่เป็นพื้นฐานของการคำนวณค่าจ้างในวันหยุด

Fosshotels มีอัตราที่ลดลง

Eining-Iðja จะขายคูปองสำหรับที่พักในโรงแรมทั้ง Fosshotels ในไอซ์แลนด์ ราคาหนึ่งคูปองเป็น KR 6000 และมันเป็นเรื่องที่ต้องสำหรับคนสองคนในห้องคู่กับอ่างล้างหน้าหนึ่งคืน รวมอาหารเช้า คูปองมีให้บริการที่สำนักงาน Eining Iðja- ผู้ให้การจองของตัวเอง สำหรับข้อมูลเพิ่มเติมดู www.fosshotels.is

โรงแรม Edda มีอัตราที่ลดลง

Eining-Iðja จะขายคูปองสำหรับที่พักในโรงแรมทั้งหมดในไอซ์แลนด์ Edda ราคาหนึ่งคูปองเป็น KR 6000 และมันเป็นเรื่องที่ต้องสำหรับคนสองคนในห้องคู่กับอ่างล้างหน้าหนึ่งคืน ไม่รวมอาหารเช้า สมาชิกสหภาพจะไม่สูญเสียจุดเครดิตเมื่อซื้อคูปองเหล่านี้ซึ่งทำให้มันเลือกที่นำเสนอสำหรับการตามรายการราคาของโรงแรม Edda สำหรับฤดูร้อนปี 2013 ราคาของห้องประเภทนี้คือ KR 12,900

คูปองมีให้บริการที่สำนักงาน Eining Iðja- เด็กสามารถใช้ร่วมกับห้องพักโดยไม่คิดค่าใช้จ่าย grownups เพิ่มถ้าคนใช้พร้อมผ้าปูเตียงหรือถนอนโรงแรม Edda ให้ที่นอนถ้าจำเป็น คูปองนี้สามารถใช้ได้ในทุก Edda โรงแรมทั่วประเทศ ผู้ให้การจองของตัวเอง สำหรับข้อมูลเพิ่มเติมดู www.hoteledda.is

บัตรที่ตั้งแคมป์ (Útilegukortíð)

สมาชิกของหน่วยงานภาคอุตสาหกรรมสามารถซื้อบัตรได้ที่สำนักงานการตั้งแคมป์ของการจัดอันดับของ บริษัท ฯ 8000 แต่ราคาเต็มคือ KR 14,900 การตั้งแคมป์จะช่วยให้ผู้ถือทางด้านขวาที่จะอยู่กับคุณสมรสและถึงสี่เด็กที่มีอายุต่ำกว่า 16 ปีที่ 44 ค่ายทั่วประเทศ บัตรเคมปีสามารถนอนได้ถึงสี่คืนติดต่อกันที่บริเวณตั้งแคมป์ในแต่ละ จะไม่มีการ จำกัด จำนวนของผู้สร้างเว็บไซต์ค่ายไม่เป็น ข้อมูลเพิ่มเติมเกี่ยวกับการตั้งแคมป์สำหรับให้บริการบนเว็บไซต์ www.utilegukortid.is

Veidikortíð

หน่วยสมาชิก Veidikortíð อาจจะสามารถซื้อได้ที่ บริษัท ฯ เท่านั้น KR ราคา 2500 แต่เต็ม KR 6,900 การตั้งแคมป์ให้การเดินทางถึงเกือบจะไม่ จำกัด ถึง 35 ทะเลสาบทั่วประเทศ Veidikortíð ที่ถูกต้องสำหรับผู้ใหญ่และเด็กอายุต่ำกว่า 14 พรรณด้วยผู้ถือบัตร บัตรจะถูกส่งไปยังบุคคลที่ระบุโดยหมายเลขรหัสของเข สำหรับข้อมูลเพิ่มเติมดู www.veidikortid.is

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ข้อตกลงในสัญญาว่าจ้างนั้น ลูกจ้างต้องได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาของการว่าจ้าง และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างอยู่ในประเภทใด และเงื่อนไขต่าง ๆ โดยทั่วไปในการทำสัญญาการว่าจ้าง จะต้องทำหลังจากลูกจ้างได้ทำการปฏิบัติหน้าที่แล้วหนึ่งเดือน หากลูกจ้างได้รับสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ก็จะเป็นหลักประกันในการทำงานของลูกจ้าง เพราะหากมีข้อขัดแย้งระหว่างนายจ้างกับลูกจ้าง ก็สามารถพิจารณาในสัญญาการว่าจ้างเป็นข้อตัดสิน ที่สำนักงาน Eining -Iðja ท่านสามารถติดต่อขอข้อมูล ในการทำสัญญาการว่าจ้างทำงานได้ และสามารถขอแบบฟอร์มใบคำร้องต่างๆที่เกี่ยวข้องในการทำสัญญา ระยะเวลาของการออกและให้ออกจากงาน

- ต้องเป็นไปตามสิทธิของทั้งสองฝ่าย
- จะต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

หากทำงานได้เพียงสองสัปดาห์ สามารถลาออกหรือให้ออกจากงานได้ทันที หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่าสองอาทิตย์, หลังจากนั้น 12 วัน จึงจะสามารถลาออกหรือให้ออกได้ หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 เดือน ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 1 เดือนก่อนออกจากงาน (เพื่อให้เวลากับลูกจ้างหางานใหม่ หรือนายจ้างหาลูกจ้างใหม่) หากอายุการทำงานในบริษัทเดียวกันเกินกว่า 3 ปี ต้องทำงานจนครบเดือนก่อน และต้องทำงานอีก 3 เดือนก่อนออก

Iðnaðarsafnið 15 ára

Þann 17. júní sl. voru liðin 15 ár frá því að Iðnaðarsafnið á Akureyri var formlega stofnað og sýningar opnaðar í húsnæði fyrrum fataverksmiðjunnar Heklu á Gleráreyrum. Í dag er safnið til húsa á Krókeyri og hefur verið frá 1. maí 2004.

Í tilefni tímamótanna ákvað stjórn safnsins að bera út af handahófi 15 boðskort og bjóða þannig 15 fjölskyldum að koma og skoða safn-

ið þeim að kostnaðarlausu. Þannig geta pabbi, mamma, afa, amma og börnin komið og notið samverunnar á safninu. Sumir geta rifjað upp gamla tíma og aðrir lært um þá, t.d. þegar á Akureyri voru framleiddar vörur eins og Mix, Bíó Cóla, Perla og Geysi, Act skór, flautubuxur og Rússapeysur svo minnst sé á eitthvað sem fyrir augu ber á Iðnaðarsafninu. Þetta verður svo endurtekið í júlí og ágúst.



Munið eftir félagavefnum

Félagavefur Einingar-löju veitir félagsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu þeirra hjá félaginu. Fjölmarginir félagsmenn nota vefinn, t.d. til að sækja um orlofshús, sem flytjir mikið fyrir úthlutunarferlinu fyrir sumarið.

Félagsmenn skrá sig inn með því að ýta á hnappinn Félagavefur sem finna má efst á forsíðu heimasíðunnar www.ein.is og hafa möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktastögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa og jafnframt sótt um, bókað og greitt fyrir



orlofshús með greiðslukorti. Þeir sem ekki eru með greiðslukort eða hafa ekki aðgang að tölvu þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins og þá sjá starfsmenn hennar um að bóka.

Veflykill

Þegar komið er inn á félagvefinn í fyrsta sinn þarf að sækja um aðgang, það er gert undir liðnum innskráning. Þar þarf að ýta á hnappinn Sækja um aðgang að vef, slá inn kennitöluna og veflykill verður sendur á lögheimili viðkomandi. Veflyklar eru ekki gefnir upp í síma eða sendir í tölvupósti, þar sem upplýsingar sem þar eru falla undir lög um persónuvernd.

Ásókn í sjúkrasjóði

Í ár, eins og undanfarin ár, hefur verið mikil ásókn í dagpeningagreiðslur og styrki úr sjúkrasjóði félagsins. Réttur til að fá greitt úr sjúkrasjóði byggist á greiðslum til félagsins. Meðal annars eru greiddir dagpeningar til sjóðfélaga, dagpeningar vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna, sem og vegna alvarlegra veikinda maka. Þá eru greiddir út styrkir vegna útfara félagsmanna, sjúkranuðs og sjúkrabjálfunar, krabbameinsleitar, viðtala við sálfræðinga og geðlækna, líkamsræktar, kaupa á heymartækjum og gleraugnaglerjum.

Hvaða styrkir eru í boði?

- **Útfarastyrkur** virks og greiðandi félaga er nú kr. 300.000. Virkur og greiðandi sjóðfélagi heldur réttindum til dánarbóta í tvö ár, hafi hann látið af starfi vegna veikinda. Stjórn

sjóðsins hefur heimild til að veita styrk vegna andláts sjóðfélaga sem látið hefur af starfi meira en tveim árum fyrir andlát. (Að hámarki kr. 80.000 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.)

- **Styrkur vegna líkamsræktar** er 35% af reikningi, þó að hámarki 10.000 krónur á hverju almanaksári.
- **Styrkur til kaupa á gleraugnaglerjum** er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti.
- **Styrkur til kaupa á heymartækjum** er 35% af reikningi, þó að hámarki 15.000 krónur á þriggja ára fresti.
- **Heimilt að greiða niður viðtöl** við sálfræðinga og geðlækna, 50% af kostnaði í fimm skipti á ári.
- **Félagismaður á rétt á 50% styrk vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranuðs.** Ekki er greitt fyrir fleiri en 18 skipti samtals vegna

sjúkrabjálfunar og sjúkranuðs á hverju almanaksári til hvers félagsmanns.

Vinsamlegast athugið!

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs Einingar-löju einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 27. hvers mánaðar.

Reglugerð sjúkrasjóðsins er á www.ein.is.



Launagreiðendavefur Einingar-löju

Einingar-löju vill minna á launagreiðendavef félagsins sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur. Launagreiðendur komast inn á vefinn með því að ýta á hnappinn Launagreiðendavefur sem finna má efst til hægri á heimasíðunni www.ein.is. Allir launagreiðendur sem greiddu til félagsins sex mánuði áður

en vefurinn var tekinn í notkun fengu sent lykilorð til að komast inn á vefinn. Nýir launagreiðendur geta fengið lykilorð með því að óska sjálfir eftir því á vefnum.

Í skilagreinakerfinu eru t.d. auknar villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður. Þá fylgir einnig sú nýjung að hægt er að mynda kröfu í banka um leið og skilagreinin er send til félagsins. Í yfirliti

fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilagreinar og greiðslustöðu.

Vefnum er ætlað að þjóna atvinnurekendum sem best við iðgjaldaskil og upplýsingagjöf og er því eðlilega í stöðugri þróun. Ábendingar um það sem betur mætti fara eru því alltaf vel þegnar en þær má senda á ein@ein.is.



Vertu á verði!

Nú er nóg komið af verðhækkunum

Aðildarfélag ASÍ hvetja landsmenn til að snúast af alefli gegn verðhækkunum. Tökum höndum saman og látum vita af óeðlilegum verðhækkunum með því að senda inn myndir eða tilkynningar á vertuaverdi.is.

Stöndum saman og rjúfum vítahring verðbólgunnar!





Stjórnir og nefndir

starfsárið 2013-2014

Í félaginu er 11 manna aðalstjórn og öflugt trúnaðarráð þar sem tryggt er að allir hópar innan félagsins eigi sína fulltrúa. Stjórn félagsins skipa:

Formaður, varaformaður, ritari, fimm meðstjórnendur frá þéttbýlissvæðum utan Akureyrar og þrjár fulltrúar starfsgreinadeilda, þ.e. formenn starfsgreinadeildanna þriggja.

Stjórn Einingar-Íðju

(*kosin til 2015)

- *Björn Snæbjörnsson, formaður
- Anna Júlíusdóttir, varaformaður
- *Halldóra H. Höskuldsdóttir, ritari
- *Margrét H. Marvinsdóttir, formaður Matvæla- og þjónustudeildar
- *Ingvar Kristjánsson, formaður lðnaðar- og tækjadeildar
- *Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður Opinberu deildarinnar
- Guðrún Þorbjarnardóttir, svæðisfulltrúi í Hrísey
- *Hafdís Kristjánsdóttir, svæðisfulltrúi í Ólafsfirði
- Ingvar Sigurbjörnsson, svæðisfulltrúi á Dalvík
- Margrét Jónsdóttir, svæðisfulltrúi á Siglufirði
- *Róbert Þorsteinsson, svæðisfulltrúi í Grýtubakkahreppi

Stjórn lðnaðar- og tækjadeildar

(*kosin til 2015)

- *Ingvar Kristjánsson, formaður
- Eyþór Karlsson, varaformaður
- *Sigurður Sveinn Ingólfsson, ritari
- Rannveig Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
- Gunnar Magnússon, meðstjórnandi
- *Ingvar Sigurbjörnsson, meðstjórnandi
- *Steindór Sigursteinsson, meðstjórnandi
- Vilhelm Adolfsson, meðstjórnandi
- *Sigurður Sigurðsson, meðstjórnandi

Stjórn Matvæla- og þjónustudeildar

(*kosin til 2015)

- *Margrét H. Marvinsdóttir, formaður
- Stefán Aðalsteinsson, varaformaður
- *Tryggvi Jóhannsson, ritari
- Birna Harðardóttir, meðstjórnandi
- *Júlíana Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
- *Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
- Sigríður Jósepsdóttir, meðstjórnandi
- Sigurður Hjartarson, meðstjórnandi

Stjórn Opinberu deildar

(*kosin til 2015)

- *Sigríður K. Bjarkadóttir, formaður
- Ása Margrét Birgisdóttir, varaformaður
- *Hanna Dóra Ingadóttir, ritari
- Edda L. Marinósóttir, meðstjórnandi
- *Elisabet Skarphéðinsdóttir, meðstjórnandi
- Hrönn Vignisdóttir, meðstjórnandi
- *Hildur Ingvarsdóttir, meðstjórnandi
- *Júlía Birna Birgisdóttir, meðstjórnandi
- Ómar Ólafsson, meðstjórnandi

Fulltrúar í stjórn Tjarnargerðis

Aðalmenn:

- Guðmundur Björnsson
- Ingvar Kristjánsson
- Sigurður Sveinn Ingólfsson

Varamenn:

- Árni Þorvaldsson
- Halldór Brynjólfsson

Stjórn sjúkrasjóðs

Aðalmenn:

- Sigrún Lárusdóttir, sjálfkjörin
- Jakob Tryggvason
- Lára Einarsdóttir
- Varamenn:
- Hulda Einarsdóttir
- Sigríður Ólafsdóttir
- Margrét Sigurðardóttir

Stjórn Vinnudeilusjóðs

Aðalmenn:

- Gunnar Magnússon
- Sigríður Jóna Gísladóttir
- Vilhelm Adolfsson

Varamenn:

- Helga Ingólfssdóttir
- Sandra Rut Jónsdóttir
- Valborg Karlsdóttir

Stjórn Fræðslusjóðs

- Anna Jablonska
- Anna Sigríður Pálmadóttir
- Birna Harðardóttir
- Elisabet Skarphéðinsdóttir
- Hanna Eyrún Antonsdóttir
- Hanna Þ. Benediktsdóttir
- Sigríður Jósepsdóttir
- Þórey Aðalsteinsdóttir

Ritnefnd

- Anna Dóra Gunnarsdóttir
- Erla Hrunn Friðfinnsdóttir
- Ingimundur Norðfjörð
- Kristín Anna Gunnólfsdóttir
- Sunna Árnadóttir

Ferðanefnd

- Björn Snæbjörnsson, sjálfkjörinn
- Ásdís Hreinsdóttir
- Hanna Dóra Ingadóttir
- Sigurlaug A. Tobíasdóttir
- Anna G. Ásgeirsdóttir

Kjörstjórn

Aðalmenn:

- Laufey Bragadóttir
- Steinunn Rögnvaldsdóttir

Varamenn:

- Jóhanna Grétarsdóttir
- Sigrún V. Agnarsdóttir

Skóðunarmenn

Aðalmenn:

- Páll Vatnsdal
- Hildur Ingvarsdóttir

Varamaður:

- Stefán Magnús Jónsson

Trúnaðarráð

Í trúnaðarráði eiga sæti 100 manns auk 11 stjórnarmanna, fimm varanna svæðisfulltrúa og þriggja varanna starfsgreinadeilda.

Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.



Matvæla- og þjónustudeild:

Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Hótel KEA
Anna Guðrún Ásgeirsdóttir, Becromal
Anna Guðrún Snorraddóttir,

Bruggsmiðjan Árskógssandi
Anna Jablonska, Samherji Dalvík
Arnar Freyr Logason, Norlandia
Ása Ragnarsdóttir, S1 Ólafsfirði
Birgitta S. Jónsdóttir, Matur og mörk
Birkir Sveinsson, Securitas
Birna Harðardóttir, Norðlenska
Bragi Jónsson, Norðlenska
Dagbjört Óskarsdóttir, ISS Akureyri
Guðjón Ólafsson, Kjarnafæði Svalb.
Guðrún Guðmundsdóttir,

Þrif og ræstivörur
Halldór Baldvín Stefánsson, Kjarnafæði
Heiðís Rósa Sigurjónsdóttir,
Icelandair hótel

Herdís Ólafsdóttir, Lostæti ehf
Hermann Erlingsson, Hvammur Hrísey
Hildur R. Stefánsdóttir, Bakstur ehf
Hrefna Þorbergsdóttir, ÚA Akureyri
Ingibjörg Anna Sigurðardóttir,

ÚA Akureyri
Ingibjörg Sigurðardóttir, Ektafiskur
Ída Guðrún Atladóttir, Samherji Dalvík
Jakob Tryggvason, Securitas
Jóhanna M. Baldursdóttir, ISS Ísland
Júlíana Kristjánsdóttir, Securitas
Karólína Sigurjónsdóttir,

Allinn Siglufirði
Kjartan Pálmason, Gjögur
Kristbjörg Ingólfssdóttir, Landsbankinn
Kristján Atli Dýrfjörð, Strikið
Lára Einarsdóttir, MS Akureyri
Ólafía A. Þorvaldsdóttir,

Rammi Siglufirði
Ólöf Tryggvadóttir, Grandþvottur
Regína Sigurðardóttir, Norðlenska
Sigríður Gísladóttir, ÚA Akureyri
Sigurður Hjartarson, Vífilfell
Snorri Snorrason, Samherji Dalvík
Sólveig Auður Þorsteinsdóttir, Bautinn
Steinþór Lúthersson, ÚA Akureyri
Tryggvi Jóhannsson, Þrif og ræstivörur
Vignir Stefánsson, ÚA Akureyri
Þorgils Guðnason,

Hausaverkun Samherja Dalvík

Opinbera deild:

Anna Arngrímsdóttir, MA Þvottahús
Anna Dóra Gunnarsdóttir, Álfasteinn
Anna Eydís Friðjónsdóttir, VMA
Anna Margrét Eggertsdóttir,
Plastiðjan Þjarg-löjullundur

Árni Þorvaldsson, Vegagerð
Ásdís Hreinsdóttir,

Heimaþjónusta Akureyrar
Brynja Ragnarsdóttir,
Leikskólinn Sannubóli
Edda L. Marinósdóttir,
Hjúkrunarheimilið Hlíð,
Elisabet Skarphéðinsdóttir,
Hrafnagilsskóli Eyjafjarðarsveit
Guðrún Lárusdóttir, Dalvíkurskóli
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir,
Naustaskóli

Gunnar Berg Haraldsson, Norðurorka
Hallfríður Hallsdóttir,
Sambýli v/Lindargötu Siglufirði
Hanna Dóra Ingadóttir,

Leiksk. Álfaborg Svalbarðsströnd
Hanna Þóra Benediksdóttir,
Leikskólinn Leikskálar Sigló

Harpa Hilmarsdóttir,
Leikskólinn Krógaból
Helga Ingólfssdóttir,

Dvalarh. Lögmannshlíð
Hildur Arna Grétarsdóttir,
Dvalarh. Lögmannshlíð
Hildur Gunnarsdóttir, MA
Hildur Ingvarsdóttir, Sambýli Snægili
Hrönn Vignisdóttir, FSA
Hulda Einarsdóttir, Síðuskóli
Ingibjörg Þorsteinsdóttir,
Hæfingarstöðin

Jóna Þorvaldsdóttir, Skammtímavistun
Júlía Birna Birgisdóttir,
Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar.

Laufey Jónsdóttir, Hólmasól
Margrét Sigurðardóttir, Giljaskóli
Ómar Ólafsson,

Framkvæmdamiðstöð Akureyrar
Sif Hjartardóttir, Sambýli Akureyri
Sigmar Ingi Ágústsson, Þratarlundur
Sigríður Ólafsdóttir, FSA/Kristnes
Sigurlaug Anna Tobiasdóttir,
Leikskólinn Flúðir
Sólveig Jónasdóttir,
Félagsstarf aldraðra Hlíð
Stefán Magnús Jónsson,
Sundlaug Eyjafjarðarsveitar
Valborg Karlsdóttir, Valsárskóli

Íðnaðar- og tækjadeild:

Guðlaug Kristjánsdóttir,
Gámaþjónusta Norðurlands
Gunnar Magnússon, Hyrnan
Ingi Rafn Ingason, Slippurinn Akureyri
Ingimundur Norðfjörð, Becromal
Jón Albertsson, GV gröfur

Kristín Anna Gunnólfssdóttir,
Löndun Ólafsfirði

Ómar Freyr Sigurðsson,
Siglufjarðar Seigur
Rannveig Kristmundsdóttir, Glófi
Ríkki Þór Valsson, Promens Dalvík
Sigurður Magnússon, Skeljungur
Sigurður Sigurðsson, SBA - Norðurleið
Sigurður Sveinn Ingólfsson,

MS Akureyri
Sigurjón Þórisson,
Landflutningar Samskip
Sigvaldi Magnússon, Skútaberg
Símon Helgason,
Bás hf. Vélaleiga og steypustöð
Steindór Sigursteinsson, Norðurbik
Vilhelm Adólfsson, Becromal

7 fulltrúar tilnefndir af trúnaðarráði
Þorsteinn E. Arnórsson, Eining-Íðja
Vilhjálmur Þengill Jónsson, Oliudreifing
Jón Eðvard Ingólfsson,
Lundur Heimavist
Gunnar Árni Jónsson, Gúmmivinnslan
Jóhann Helgi Steinarsson,
Eimskip/bílstjórar
Ragnhildur A. Hjartardóttir,
Félagsstarf Víðilundi
Þorgerður Bjarnadóttir, Oddeyrarskóli

Sjálfkjörnir í trúnaðarráð auk stjórnar:

*Varaformenn deilda og
varasvæðisfulltrúar:*

Opinbera deild,

Ása Margrét Birgisdóttir,
Frekari liðveislu

Íðnaðar- og tækjadeild,

Eypþór Karlsson, Sagaplast

Matvæla- og þjónustudeild,

Stefán Aðalsteinsson, Kjarnafæði

Dalvík,

Sigríður Jósepsdóttir,
Samherji Dalvík

Hrísey,

Hanna Eyrún Antonsdóttir,
Hvammur

Siglufjörður,

Sigrún V. Agnarsdóttir,
Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar

Ólafsfjörður,

Anna Sigríður Pálmadóttir, Hafbliki

Grenivík,

Þórey Aðalsteinsdóttir, Grenilundi

KJARNAFÆÐI

Komdu í

BRAGÐGOTT FERÐALAG



...með pylsunum frá Kjarnafæði



**Leyfðu bragðlaukunum
að ferðast til fjarlæggra landa!**

Pylsurnar frá Kjarnafæði hafa allar hlotið gullverðlaun og Kielbasa pylsan hlaut verðlaunin besta afurðin úr svínakjöti í fagkeppni Kjötiðnaðar 2012.

 GEMSTOPAN

KJARNAFÆÐI HF. • FJÖLNISSGATA 1 • 603 AKUREYRI • SÍMI 460 7400 • WWW.KJARNAFAEDI.IS